

LANDSSAMTÖK ÍSLENSKRA STÚDENTA

LÍS

Landsþing  
2023

Akureyri

29.03.23 – 01.04.23



Ritari I

Rannveig Klara Guðmundsdóttir

Ritari II

Kolbrún Lára Kjartansdóttir

Fundarstjóri

Helga Lind Mar

# EFNISYFIRLIT

---

<b>SETNING ÞINGS / 30.03</b>	<b>5</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR Í UPPHAFI ÞINGS</b>	<b>6</b>
<b>TILNEFNINGAR FUNDARSTJÓRA OG RITARA</b>	<b>7</b>
<b>ÁVÖRP</b>	<b>8</b>
<b>KYNNING TRÚNAÐARFULLTRÚA</b>	<b>10</b>
<b>TILKYNNING FRÁ KJÖRSTJÓRN</b>	<b>11</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR</b>	<b>12</b>
<b>ERINDI</b>	<b>13</b>
Erindi frá fæðingarorlofssjóði	13
<b>ÁRSSKÝRSLA LÍS</b>	<b>16</b>
<b>ÞINGSKÝRSLA LANDSPINGS 2022</b>	<b>18</b>
<b>ERINDI</b>	<b>19</b>
Erindi frá Heilsu- og sálfræðipjónustunni	19
<b>KYNNING Á KÖNNUN UM FJÖLSKYLDUMÁL</b>	<b>22</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 30.03</b>	<b>24</b>
<b>NÝSKÖPUNARSTEFNA LÍS</b>	<b>25</b>
<b>KYNNING Á MFS</b>	<b>27</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 30.03</b>	<b>28</b>
<b>LAGABREYTINGAR</b>	<b>29</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 30.03</b>	<b>36</b>
<b>LAGABREYTINGAR</b>	<b>37</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03</b>	<b>42</b>
<b>SJÁLFBÆRNISTEFNA LÍS</b>	<b>43</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03</b>	<b>48</b>
<b>SJÁLFBÆRNISTEFNA LÍS</b>	<b>49</b>
<b>ÁLYKTANIR KYNNTAR</b>	<b>50</b>
<b>KYNNING FRÁ RANNÍS</b>	<b>55</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03</b>	<b>56</b>
<b>VERKÁÆTLUN KYNNT</b>	<b>57</b>
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN KYNNT</b>	<b>60</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03</b>	<b>61</b>
<b>ÁRSREIKNINGUR LÍS</b>	<b>62</b>
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	<b>63</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03</b>	<b>65</b>

<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	<b>66</b>
<b>KYNNING Á AFURÐ VINNUSTOFA</b>	<b>72</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR/ 01.04</b>	<b>74</b>
<b>ÖNNUR MÁL</b>	<b>75</b>
<b>LÖGMÆTI FUNDAR / 01.04</b>	<b>79</b>
<b>TILNEFNINGAR Í FULLTRÚARÁÐ</b>	<b>80</b>
<b>FRAMBOÐ Í FRAMKVÆMDASTJÓRN</b>	<b>81</b>
<b>NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA</b>	<b>82</b>
<b>ÞINGSLIT</b>	<b>83</b>

## **SETNING ÞINGS / 30.03**

---

Forseti LÍS, Alexandra Ýr van Erven, flytur ávarp og setur Landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta 2023 á Akureyri.

# LÖGMÆTI FUNDAR Í UPPHAFI ÞINGS

---

Lögmæti fundar í upphafi þings kannað.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# TILNEFNINGAR FUNDARSTJÓRA OG RITARA

---

Alexandra Ýr van Erven kynnir tilnefningar til fundarstjóra, Helgu Lind Mar og ritara Kolbrúnu Láru Kjartansdóttur og Rannveigu Klöru Guðmundsdóttur. Tilnefningarnar eru bornar upp til samþykkis. *Einróma samþykkt.*

# ÁVÖRP

---

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**, félagsmálaráðherra ávarpar þingið í gegnum fjarfundarbúnað. Ávarpið fjallaði um tengingu vinnumarkaðarins við háskólanám og stúdenta. Ráðherra lagði áherslu á mikilvægi þess að halda áfram að mennta sig og verðmætin sem felast í að mennta sig alla ævi. Ráðherra lagði einnig áherslu á jafnt aðgengi hópa að vinnumarkaðnum og með sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna. Ráðherra ræddi um kerfisbundin kynjaóöfnuð sem hefur tíðkast innan vinnumarkaðarins þ.e. launamunur kynja og hefðbundin „kvennastörf. Ráðherra ræddi einnig um fæðingarorlof og um þær breytingar sem hafa átt sér stað á fæðingarorlofi. Ráðherra óskaði sérstaklega eftir því að fá tillögur stúdenta frá Landsþingi varðandi foreldra í námi og hlakkaði til fundar með stúdentum. Ráðherra viðurkenndi þekkt vandamál sem er hversu mikið stúdentar vinna með námi og tengist það ástæðu þess að fæðingarstyrkur námsmanna sé miðaður við 75% nám. Ráðherra kom einnig inn á atvinnuleysisbætur og þann vanda sem stúdentar sem lenda í þegar kemur að atvinnuleysisbótum. Ráðherra ræddi einnig um þá vinnu sem á sér stað innan ráðuneytisins og þau málefni sem Ráðuneytið er að vinna í, þar nefndi hann m.a. styttingu vinnuvikunnar.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SHA:

Þú nefndir styttingu vinnuvikunnar. Hefur eitthvað verið rætt styttingu vinnuvikunnar hjá fólki sem er í vaktavinnu líkt og hjúkrunarfræðingar? En eins og við vitum öll er meirihluti þeirra konur og bitnar því á fjölskyldu- og heimilislífi og þriðju vaktarinnar líkt og þú nefndir áðan.

Ráðherra:

Árið 2019 var tekið skref í átt að styttingu vinnuvikunnar. Útfærslan er mun flóknari í vaktavinnu og áskoranirnar þar eru erfiðari en í öðrum störfum. Hann nefnir að í sumum tilfellum hafi verið náð að stytta vikur niður í 32 tíma en hann segir að útfærslurnar liggja svolítið hjá vinnustöðunum sjálfum. Hann vonast til þess að þegar búið er að komast yfir þessar áskoranir að þá mun styttingin vera mikið til bóta fyrir þá hópa í þessari stöðu.

Forseti LÍS:

Þú talaðir um kvennastéttir og kerfisbundið vanmat sem liggur á kvennastéttum á einnig við um stúdenta. Það læðist að manni grunur hvort það sé ekki beint samhengi milli þess að meginhluti stúdenta eru konur og hvort það sé kominn tími til að taka stúdenta inn í umræðuna þegar talað er um stéttir.

Ráðherra:

Kerfisbundinn launamunur milli stétta sem útskýrir að konur eru í ákveðnum geirum og karla í öðrum geirum. Sú skipting hefur verið til lengur heldur en að núna eru fleiri konur í háskólanum



heldur en karlar. Við erum búin að stríða við þennan launamun milli kvenna og karlastétta heldur en að konur eru búnar að vera í meirihluta í háskólunum. Það eru ennþá fleiri konur sem leita í lægri launaðar stéttir en karlar. En það er á kerfinu að jafna þennan launamun. Þetta er mjög áhugaverð pæling. Ég var heppinn að vera í góðri sumarvinnu og tókst að lifa á þeim góðu launum og LÍN. En framfærslan er auðvitað alls ekki há og mín skoðun er sú að maður eigi ekki að vinna með námi, bara alls ekki. En ég vil endilega fá að hitta ykkur eftir þingið og fá þær tillögur sem verða til á Landsþingi.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mig langaði að spurja þig út í atvinnuþryggingagjaldið en það var mikið til umræðu í covid. Stendur til að endurskoða þetta kerfi svo stúdentar fái sama rétt og aðrir þegar kemur að þessu kerfi og að stúdentar fái aðgang að kerfinu líkt og aðrir.

Ráðherra:

Það er verið að endurskoða kerfið. Það var lögð áhersla á að útbúa störf í stað þess að gefa stúdentum aðgang að kerfinu. Það væri áhugavert að ræða þessar pælingar betur á fundi með ráðherra og væri til í að heyra ykkar skoðanir og hugmyndir.

# KYNNING TRÚNAÐARFULLTRÚA

---

Fundarstjóri býður trúnaðarfulltrúum Landsþings, Sigríði Helgu Kárdal Ásgeirsdóttur og Antoni Birni Mayböck Helgasyni, á svið til að kynna sig og almennar siðareglur samtakanna.

# TILKYNNING FRÁ KJÖRSTJÓRN

---

Kjörstjórn vildi tilkynna að enn er opið í framboð í öll embætti LÍS. Frestur rennur út kl 10:45 á laugardag.

- Fundarhlé -

# LÖGMÆTI FUNDAR

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# ERINDI

---

## Erindi frá fæðingarorlofssjóði

Þórdís Helga Benediksdóttir og Kristín deildastjóri fæðingarorlofssjóðs fara yfir starfsemi sjóðsins. Þær kynntu ýmis skilyrði fyrir fæðingarorlofi og ýmsa áhrifaþætti sem gætu skert eða framlengt fæðingarorlof eða styrk. Þær kynna fæðingarstyrk námsmanna nánar en þær kröfur sem þarf að uppfylla er að stúdent þarf að hafa verið í fullu námi í í a.m.k. 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur. Kröfur eru gerðar um námsframvindu á þeim tíma og 2 annir sem koma til skoðunar. Fullt nám er 75-100% samfelld nám, verklegt eða bóklegt við viðurkennda menntastofnun. 75% nám eru 22 ECTS. Fæðingarstyrknum má skipta á fleiri en eitt tímabil, en í a.m.k. 2 vikur og er mánaðarleg greiðsla 210.695 kr. Til eru undanþágur frá þeirri kröfu um fullt nám. Undanþágurnar eru ef foreldri var á innlendum vinnumarkaði fram að upphafi náms, foreldri var í námi og starfi á sama tíma í 6 mánuði samfelld, foreldri er á lokaönn í námi að tiltekinni prófgráðu og foreldri hefur meðgöngutengdar heilsufarsástæður.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SLHÍ

Hver ber ábyrgð á hámarks og lágmarksupphæðum styrksins?

Kristín og Þórdís:

Alveg hjá stjórnvöldum að ákvarða hámarks og lágmarksupphæðir.

Forseti LÍS:

Það er ekki hægt að leggja saman álag þ.e. Nám+vinnu. Það eru rosalega margir stúdentar sem vinna með námi. En t.d. 60% nám er undir þessu 75% kröfu en ef þú ert í 40% vinnu áttu þá samt ekki rétt á styrknum.

Kristín og Þórdís:

Ef þú ert komin í 40% vinnu þá er það skoðað inn í tekjurnar þínar. Þetta er bara la'gmarkið og munu tekjur þínar draga þig upp. Það er ekki hægt að horfa saman á styrkinn og orlof. Ef þú nærð ekki 75% námi er horft til þín útfrá orlofi en ekki styrk.

Þingfulltrúi SHA:

Hefur eitthvað verið rætt um að lækka sorgarstyrkinn?

Kristín og Þórdís:

Nei

Þingfulltrúi SHÍ:

4 mánaða misseri síðustu 12 mánuði er ekki nóg til að uppfylla skilyrði um undanþágu?

Kristín og Þórdís:

Miðað er við 12 mánuði frá fæðingardegi barns og þá eru skoðaðar síðustu 2 annir stúdents.

Þingfulltrúi SHÍ:

Velta fyrir mér um námsframvindu þ.e. kláraðar einingar en ekki það sem viðkomandi er skráður í. Tíðkast annarsstaðar að árangur meti bótarétt þ.e. ef aðili nær ekki að skila verkefnum í vinnuni þá skerðist réttur þinn á bótum? Hver gæti breytt þessu?

Kristín og Þórdís:

22 einingar er lágmarksfjöldi eininga og starfshlutfallið sem stúdent er í helst t.d. ef stúdent er í 25% starfi þá fá þau styrk í samræmi við það. Það hefur verið rætt að brúa bilið á milli námsmannastyrks, fæðingarstyrks og námsframvindu ef einstaklingur tekur endurtektarpróf. Þá skila þau tilteknum gögnum í lokin. Ef stúdent nær ekki uppfylltum einingum þá fá þau ekki styrkinn. Allar breytingar myndu fara í gegnumlagabreytingar á alþingi. Fæðingarorlofssjóður tilheyrir Félags- og vinnumálaráðuneyti.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Eftir covid varð mjög mikið atvinnuleysi eins og ég t.d. Ég byrjaði í námi um haustið, hvað myndi gerast ef ég eignast barn, þá væri ég ekki búin að vera í námi. Fengi ég þá ekkert?

Kristín og Þórdís:

Ef þú varst á atvinnuleysisbótum og vinna áður fyrr. Og að barn fæðist á meðan þú ert í námi þá ættiru rétt á styrk.

Þingfulltrúi NFHB:

Er verið að halda utan um kynjajöfnuð t.d. ef annað foreldrið er t.d. tekju herra en hitt og hvort það sé einhver tenging þar á milli við launamun kynjanna.

Kristín og Þórdís:

Það er haldið utan um þessa tölfræði og kemur fram í ársskýrslum Vinnumálastofnunar og Fæðingarorlofssjóðs.

Þingfulltrúi SHÍ:

Hvernig er þessum upplýsingum miðlað til stúdenta, bæði með fæðingarorlof og styrki. Hvernig geta stúdentar nálgast þessar upplýsingar?

Kristín og Þórdís:

Upplýsingarnar eru aðgengilegar á heimasíðu fæðingarorlofssjóðs og hægt er að hafa samband í gegnum tölvupóst, síma og spjallvélmennið okkar á heimasíðunni.

Mælendaskrá tæmist. Fundarstjóri þakkar Kristínu og Þórdísi kærlega fyrir erindið.

# ÁRSSKÝRSLA LÍS

Þar sem ársskýrsla barst ekki fyrir 14. daga frest sem kveðið er um á í lögum þarf að bera undir þingið hvort það megi taka hana til umræðu á þinginu. Gengið er til atkvæðagreiðslu.

## *Einróma samþykkt.*

Fundarstjóri býður Alexöndru Ýr van Erven forseta LÍS að kynna ársskýrslu LÍS.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi NFHB:

Mig langar að minnast á samráðsvettvang jafnréttisfulltrúa en það er nauðsynlegt að LÍS geri sig sýnilegri á þessum vettvangi og eigi fast sæti með þeim.

Alexandra Ýr:

Ég sat einn fund. Takk kærlega fyrir ábendinguna

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég var að velta markaðsmálunum fyrir mér en er það rétt skilið hjá mér að markaðsnefnd LÍS eigi að auglýsa samtökin og hvaða aðilar komu að t.d. nýju herferð LÍS og hvernig hún var fjármögnuð.

Alexandra Ýr:

Markaðsnefnd var ekki mönnuð og því miður var markaðsstjóri LÍS óvirkur hluta af starfsárinu en þá tók framkvæmdastjórn við keflinu og deildi ábyrgð þess að gera markaðsefni samtakanna. Auglýsingaherferðin varð að stóru verkefni sem framkvæmdastjórn og þá sérstaklega forseti LÍS tók að sér í samstarfi við aðildarfélögin. Það var gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun en fengum aukið fjármagn utan frá.

Þingfulltrúi SFHR:

Varðandi auglýsingaherferð, er til tölfraði um hvernig hún skilaði sér?

Embla:

Já það verður kynning fyrir fulltrúaráð og aðildarfélögin á niðurstöðum herferðarinnar og tölfraðin sem fylgir því í lok herferðarinnar.

Þingfulltrúi SLHÍ:



Ég veot að við erum ekki búin að vera dugleg í LÍS. En við erum með grafíska hönnuði og kvikmyndadeild. Er ekki frekar hægt að nýta kraft stúdenta í stað þess að nýta sér auglýsingastofu.

Alexandra Ýr:

Já það væri frábært að nýta sameiginlega krafta stúdenta. Við munum hafa samband.

# ÞINGSKÝRSLA LANDSPINGS 2022

---

Fundarstjóri leggur þingskýrslu síðustu árs til kosninga. Fundarstjóri býður þingfulltrúm fyrst að spyrja spurninga er varða skýrsluna.

Þingfulltrúi SHÍ:

Afhverju er vitnað í þingfulltrúa en ekki nöfn einstakra aðila?

Anton:

Það hefur alltaf verið gert á þennan hátt til að gæta persónuverndar.

Gengið til kosninga.

***Einróma samþykkt.***

# ERINDI

## Erindi frá Heilsu- og sálfræðiþjónustunni

Fundarstjóri býður Elísabetu Ýrr Steinarsdóttur, fjölskyldufræðing frá Heilsu- og sálfræðiþjónustunni að stíga í pontu. Elísabet heldur erindi um Fjölskylduvænt Háskólasamfélag. Í erindinu var fjallað um mikilvægi tengsla og tengslamyndunar þar sem áhersla verður á foreldra í háskólanámi. Farið var yfir þá þætti sem skipta máli í tengslamyndun, áhrif streitu og hvernig foreldrar geta á heilbrigðan hátt fundið jafnvægi milli fjölskyldulífs og náms. Einnig var fjallað um hugmyndir fjölskyldufræðings um hvernig háskólasamfélagið getur komið til móts við foreldra í námi.

Hún fjallaði jafnframt um þá streitu sem myndast þegar foreldrar eru í háskólanámi en streita hefur neikvæð áhrif á þol foreldra fyrir áreiti og foreldri getur orðið fjarlægt börnum og fjölskyldu og ræður síður við eigin tilfinningar, hvað þá annarra. Nauðsynlegt er að halda streitu barna eins lágri og hægt er til að tryggja örugga tengslamyndun og heilbrigðan þroska barnanna. Líðan foreldra helst í hendur við líðan barnanna. Mikilvægt er að halda jafnvægi á milli háskólanáms og fjölskyldulífs. Helsta leiðin til að tryggja jafnvægi er jákvæð líðan foreldris. Til að auka jákvæða líðan foreldra og halda jafnvægi milli heimilis og skóla þarf t.d. að forgangsraða verkefnum, taka frá tíma til að verja með fjölskyldunni og taka frá sérstakan tíma fyrir námið. Til að draga úr streitu er hægt að stunda hreyfingu við hæfi, stunda núvitund og/eða slökun, hafa jafna svefnrútinu, tala við einhvern sem við treystum, biðja um aðstoð og þiggja aðstoð þegar hún býðst.

Það eru ýmsar leiðir sem háskólasamfélagið getur stutt við foreldra í námi en það eru t.d. að bjóða upp á fjarnám í öllum námsleiðum, hafa aðgengilegar upptökur af fyrirlestrum, sýna sveigjanleika og skilning fyrir aðstæðum foreldra og veita aukið svigrúm þegar þörf er á. Nauðsynlegt er að auka aðgang að fagaðilum og ráðgjöfum á vegum háskólanna óháð búsetu og námsleiðum. Elísabet bendir á að nauðsynlegt sé að hafa aðgengilegar upplýsingar um ráðgjöf óháð staðsetningu en það er því miður og algengt að upplýsingar sem eru listaðar séu eingöngu staðsettar á Höfuðborgarsvæðinu.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SHA:

Ég á ekki börn en brenn fyrir hagsmunum stúdenta og margir eru foreldrar. Flestir skólar eru með fjölskyldunefnd eða fjölskyldumál falla undir stúdentafélög. Hvernig væri hægt að nýta þennan vettvang, finnst þér eins og það ætti að leggja frekari áherslu á að pressa á háskóla um t.d. aðgengi að þjónustu eða hvort mætti leggja áherslu á foreldrasamfélög innan skólans t.d. með viburðum?

Elísabet:

Við höfum verið að reyna að virkja foreldra til að mæta á viðburði í persónu til að kynnast öðrum foreldrum í námi en okkar reynsla er að þau mæta frekar á rafræna viðburði. Foreldrum í námi er að fjölga svo það er nauðsynlegt að halda áfram að skipuleggja viðburði.

Þingfulltrúi NFHB:

Mig langaði að byrja á að koma á framfæri að þau væru að halda fjölskyldubíó og langar að bjóða öðrum aðildafélög að taka þátt. Ég vildi spyrja hvort það væru til rannsóknir sem skoða stöðu foreldra í námi og þá gerður samanburður á því þegar fjarnám er í boði og þegar það er ekki í boði.

Elísabet:

Ég veit það ekki, ég er ekki búin að skoða þetta. En finnst þetta áhugvert.

Þingfulltrúi NLBHÍ:

Kennarar og framkoma kennara við nemendur getur verið streituvaldandi. Eiga námsmenn að láta þetta ganga yfir sig? Núna er verið að tala um að háskólar eru að veita sálfræðiþjónustu og þá er streituvaldi jafnvel heima og í skóla. Þú nefnir jákvæð viðmót og slíkt og finnst merkilegt að leyfa þessu að ganga yfir sig. Mér finnst eins og geðheilbrigði námsmanna ætti að vera meira áberandi.

Elísabet:

Hugsunin hjá stúdentum er kannski að þetta viðmót sé venjan. Það þarf að tala meira um það til að bregðast við óheilbrigðum kennsluáðferðum líkt og þú nefnir.

Þingfulltrúi SFHR:

Þú nefndir áðan að 60-70% barna sem upplifa örugg tengsl. Eru til rannsóknir um hvernig þeim aðilum gengur síðar í lífinu, t.d. í háskólanámi? Er verið að upplýsa foreldra um leiðir til að tryggja góða tengslamyndun?

Elísabet:

Ég er að taka tölfræði upp úr bókum sem fjalla um tengslamyndun fjölskyldna og ekki endilega rannsóknum. En örugg tengdl veita börnum betri grunn til þess að takast á við lífið og þá háskólanám. Ég er að reyna að upplýsa foreldra um tengslamyndun og leiðir til þess að tryggja góða tengslamyndun. Það þarf að koma almennri þekkingu um þetta inn í háskólanna. Það vantar þó forvarnir inn í t.d. ungbarnanavernd og mæðravernd. Þar væri hægt að hafa fræðslu fyrir foreldra.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Veistu hvernig það er með fjársveldi háskóla þegar kemur að sálfræðiþjónustu. Eða ég veit að það er boðið upp á fría sálfræðiþjónustu í sumum háskólum. En veistu eitthvað um t.d. niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu, sérstaklega fyrir námsmenn.

Elísabet:

Ég þekki það því miður ekki. Það þarf líka að hugsa til fjölskylduráðgjafa og námsráðgjafa en ekki alltaf sálfræðinga.

**- Fundarhlé -**

# KYNNING Á KÖNNUN UM FJÖLSKYLDUMÁL

Fundarstjóri býður Grétu Dögg Þórisdóttur í pontu til að kynna niðurstöður könnunar um stöðu foreldra í námi. Könnunin var gerð í apríl 2022. Könnunin var send út til allra nemenda Háskóla Íslands. Stærsti hluti svarenda voru ungar konur og var meirihluti svarenda í sambúð eða hjónabandi. Lang stærsti hluti svarenda er í fullu námi eða í fullu námi samhliða vinnu. Meirihluti svarenda áttu maka sem eru á vinnumarkaði og 10% áttu maka í bæði vinnu og námi. Tæpur þriðjungur segja að það sé frekar erfitt eða mjög erfitt að ná endum saman. 40% svarenda hafa fengið fæðingastyrk og af þeim sögðu 95% að sá styrkur væri ekki nægur. Svarendur sögðu að styrkur væri alltof lágur og mörg sögðu að þau ynnu meira til þess að þurfa ekki á þessum styrk að halda. Tæplega 66% sögðu að barnastyrkur Menntasjóðsins væri ekki nægur. 47% sögðu aukna viðveru barna á heimilinu vegna COVID-19 hafði haft neikvæð áhrif á skólasókn og nám. Tæplega 90% sögðu að þau upplifðu árekstur milli fjölskyldulífs og náms.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi NFHB:

Stendur til að gera aðra könnun um sama málefni?

Gréta Dögg:

Stúdentaráð Háskóla Íslands mun senda út aðra könnun um annað hagsmunamál. Þessi könnun var gerð í samráði við Fjölskyldunefnd SHÍ svo ef við gerum aðra sambærilega könnun yrði það aftur gert í samstarfi við nefndina.

Þingfulltrúi NFHB:

Hefur verið rætt að gera sambærilega könnun fyrir alla háskólana?

Forseti LÍS:

Það hefur ekki verið rætt innan framkvæmdarstjórnar að gera sambærilega könnun en frkv.stjóri sótti um styrk til þess að hefja rannsókn um þetta málefni.

Þingfulltrúi SHÍ:

Telur þú ástæðu til að gera aðra sambærilega könnun þar sem að málefni hinsegin fjölskyldna yrðu tekin fyrir?

Gréta Dögg:

Klárlega.

**- Vinnustofur -**

# LÖGMÆTI FUNDAR / 30.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37



# NÝSKÖPUNARSTEFNA LÍS

---

Fundarstjóri býður Alexöndru Ýr van Erven, forseta LÍS að kynna Nýsköpunarstefnu LÍS. Stefnan var sköpuð út frá afrakstri vinnustofa á Landsþingi LÍS 2022, Hólum, en þemað það ár var Nýsköpun og rannsóknir í íslensku háskólasamfélagi.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SHÍ

Eina sem ég tók eftir að það er talað um námsmenn. Erum við ennþá að nota þetta orð? Það er talað um stúdenta og námsmenn. Þetta er eitthvað sem ætti að skoða.

Alexandra Ýr:

Við prófarkalestur munum við samræma orðanotkun.

Þingfulltrúi SHÍ

Er nemi ekki viðeigandi orð?

Alexandra Ýr:

Jú það er gott orð.

Þingfulltrúi NFHB

Þekkiði hvernig það er vegna úthlutunar Samstarfsstjóðs Háskólanna hvort að nemendur voru í samráði við að búa til þessi samstarfsverkefni? Finnst okkur ekki eðlilegra að stúdentar séu hafðir í samráði? Það er svo ótrúlega oft í svona umhverfi að stúdentar séu ekki með í svona.

Alexandra Ýr:

Eftir því sem ég best veit er það aðallega stjórnsýslan. Ég veit sjálf ekki um dæmi þar sem stúdentar voru með í ráðum. Það er svolítið margt við þennan samstarfssjóð á reiki og kom fólki á óvart að mikið var miðað var við námskeið. Mjög góður punktur.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég sit í stjórn Heilbrigðisvísindasviðs við HÍ og þekki því aðeins inn á vinnu á bakvið Samstarfssjóðinn. Það var ekki mikið samráð við nemendur við mótun hugmynda en að nemendur kæmu líklegast inn seinna meir og fengju því að taka þátt seinna. En hvernig framfylgjum við þessari stefnu í nýsköpun?

Alexandra Ýr:

Mjög góð spurning. Það fyrsta eins og þú nefnir, það kemur fram í stefnunni ýmsar aðgerðir sem hægt væri að kalla eftir. Hægt væri t.d. að vera í samráði við KLAK. En svo liggur þetta beint hjá háskólanum og samráði stúdenta og aðildarféлага við LÍS.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Mikið er talað um jafnrétti til náms. Hvernig ætliði að tryggja jafnrétti að námi, t.d. er mikið dýrara að fara í LHÍ og er aðgegni að því erfitt. Hvernig ætliði að tryggja jafnrétti að námi og þá sérstaklega í samhengi við þessa stefnu?

Alexandra Ýr:

Þarna erum við komin í annað dæmi, aðgengi að háskólanámi. Við höfum opinbera og einkarekna háskóla en það er alveg rétt hjá þér að listnemar hafa einungis aðgengi að listnámi í Listaháskóla Íslands. Eitt af því sem væri hægt að gera væri að berjast fyrir því að Listaháskólinn verði gerður að opinberum skóla og þannig minnka fjárhagslegt álag á listnema.

Mælendaskrá lokast.

Stefnan er lögð til samþykktar.

***Einróma samþykkt.***

# KYNNING Á MFS

---

Fundarstjóri býður Magnus við Streym forseta MFS velkominn og býður hann upp á svið til þess að kynna MFS, Meginfelag Føroyskra Studenta sem eru landssamtök færeyskra stúdenta. Magnus kynnir starfsemi samtakanna og því alþjóðlega samstarfi sem þau eiga við LÍS, NOM og ESU. Hann segir einnig frá styrkjum sem færeyskir stúdentar fá, bæði frá Færeyjum og Danmörku og hvetur alla íslenska stúdenta að stunda nám við Háskóla Færeyja en erlendir skiptinemar fá einnig námsstyrk.

Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Hvernig er það með færeyska stúdenta á Íslandi? Eruð þið með félag hér líka?

Magnus:

Það eru 9 færeyskir stúdentar á Íslandi eftir því sem ég best veit og því erum við ekki nægilega mörg fyrir félag en við hittumst oft. Það þurfa að vera 10 færeyskir nemar í einu landi til að vera nóg fyrir félag.

- Fundarhlé -

# LÖGMÆTI FUNDAR / 30.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# LAGABREYTINGAR

---

01 Lagabreyting

**Einróma samþykkt**

02 Lagabreyting

**Einróma samþykkt**

03 Lagabreyting

**Einróma samþykkt**

04 Lagabreyting

**Einróma samþykkt**

05 Lagabreyting

**Einróma samþykkt**

06 Lagabreyting

Mælendaskrá opnuð

Þingfulltrúi SHÍ

Langar að benda á að víða vanti rökstuðning í lagabreytingartillögum og einnig vantar greinarnar í tillögur. Hver er embættismaður? Eiga þessi lög einnig við fulltrúaráð? Mér finnst þessi viðbrögðin við þessu vera mjög mikil þegar einhver missir af fundi tvisvar. Einnig er frekar óljóst hvað gerist. Einnig finnst mér óeðlilegt að framkvæmdastjórn geti vikið einstaklingi frá.

Anton

Embættismenn eru skilgreindir í lögum sem kjörnir fulltrúar. Ef embættismaður er ekki að koma á fundi og ekki tilkynna fjarvistir að þá geti framkvæmdastjórn metið betur en fulltrúaráð um hvort eigi að víkja úr embætti eða ekki. Ef þú sækir um þetta starf þá ættiru að gera þer grein fyrir því að það sé lágmark að mæta á fundi.

Þingfulltrúi SFHR

Ef embættismanni vikið úr stjórn mun þá staða vera fyllt.

Anton

Já sú staða mun vera auglýst.

Þingfulltrúi SLHÍ

Þæling hvort að LÍS ætti að endurskoða orðalag og nýta sér kynhlutlaust mál.

Þingfulltrúi SHÍ

Mætti frekar nota kjörna fulltrúa

Þingfulltrúi SHÍ

Starfar framkvæmdastjórn undir fulltrúaráði?

Anton

Nei, landsþings.

Þingfulltrúi SHÍ

Skil ekki alveg af hverju þetta ætti ekki að vera ákveðið í samráði við Landsþing eða fulltrúaráð? Auðvitað geti eitthvað komið upp t.d. Persónulegt sem gerir það að verkum að fólk komist ekki.

Anton

Málið er að okkar lágmarkskröfur er að geta mætt á fundi til þess að halda sér upplýstum. Ef aðili mætir ekki þá er hann ekki að sinna starfi sínu. Okkur fannst að framkvæmdastjórn væri líklegri í að þekkja betur til málsins frekar en Landsþingi eða fulltrúaráði. Þetta er bara hugað svo þetta sé ekki jafn flókið og mikið eins og þetta gæti verið.

Þingfulltrúi NFHB

Vantar ekki klausu svo þetta sé skýrara svo það sé skýrt að þetta eigi eingöngu við ef aðili boðar ekki fjarvistir.

### **Munnleg breytingartillaga SHÍ**

SHÍ leggur til að það verði bætt við „án þess að boða forföll” og legg einnig til þá breytingu að það sé fulltrúaráð sem víkir frá en ekki framkvæmdarstjórn.

Þingfulltrúi SHÍ

Það stendur í lögum LÍS að LÍS starfi í umboði fulltrúaráðs og því viljum við undirstrika að þetta sé ákvörðun fulltrúaráðs.

Þingfulltrúi SHÍ

Ég er að velta fyrir mér orðalaginu um aðvörun. Hvort það væri ekki betra að segja eiga samtali við. Bara vangaveltur.

## **Munnleg breytingartillaga lögð til samþykktar**

### *Einróma samþykkt*

**Breytingartillaga lögð til samþykktar í heild sinni.**

### *Einróma samþykkt*

## 07 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Ein þæling. Það er ekki lengur neinn varnagli ef það er framkvæmdastjóri segir upp. Hvernig sjáiði þetta fyrir ykkur?

Anton

Þetta fór framhá mér.

Kolbrún

Þetta er s.s. Ef að frkvstjóri segir upp þá tekur forseti LÍS við starfinu þar til nýr er ráðin þannig að forseti LÍS myndi gera þetta

## **Lögð til samþykktar**

### *Einróma samþykkt*

## 08 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Ég er mótfallin þessari breytingu, mér finnst framkvæmdastjóri lýsandi heiti og er þetta gert hjá öðrum félagasamtökum.

Þingfulltrúi SHÍ

Spyrja út í markaðsstjórahlutverk var fært inn í hlutverkið. Verður það bara svo héðan í frá.

Anton

Já þetta var ákveðið á Landsþingi í fyrra.

Þingfulltrúi SHÍ

Hvernig er þetta heiti betra en framkvæmdastjóri?

Þingfulltrúi SHÍ

Er þetta heiti ekki fráhrindandi og minna lýsandi en framkvæmdastjóri og mun fólk ekki skilja minna hlutverk sitt?

Alexandra

Eftir skoðun fannst okkur þetta heiti passa betur þar sem starfið felur í sér meira rekstur samtaka heldur en annað.

Þingfulltrúi SFHR

Þið eruð þá framkvæmdastjórn? Þá finnst mér meika meira sens að hafa framkvæmdarstjóra

**Lögð til samþykktar**

***Meirihluti mótfallinn. Breytingartillaga felld.***

09 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Er verið að taka út seinni hluta málgreinarinnar „Hver nefnd ska funda að jafnaði mánaðarlega yfir skipunartíma hennar”.

Anton

Já, það er verið að leyfa nefndarforsetum að ráða þessu sjálf og verið að veita aukið svigrúm.

**Munnleg breytingartillaga SHÍ**

Að það sé haldið inni setningunni „Hver nefnd ska funda að jafnaði mánaðarlega yfir skipunartíma hennar”.

**Munnleg breytingartillaga lögð til samþykktar.**

***Meirihluti samþykkur. Munnleg breytingartillaga samþykkt.***

**Breytingartillaga lögð til samþykktar.**

***Einróma samþykkt***

10 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ



Jákvæð breyting.

### **Lögð til samþykktar**

*Einróma samþykkt.*

11 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Þá undirnefndir sem er ekki til nú þegar? Og yrði þá ákveðið hvaða meðlimur ætti við við gerð undirnefndar.

Anton

Já þetta yrði útfært betur þegar undirnefnd verði mynduð.

Þingfulltrúi SHÍ

Eru þá undirnefndir ekki undir annarri nefnd?

Anton

Nei þetta er undir fulltrúaráð t.d. Menntasjóðsnefnd.

NLBHÍ

Er komin reynsla á þetta? Er þetta að taka tíma frá framkvæmdastjórn?

Alexandra

Já reynsla fékkst frá menntasjóðsnefndinni sem hefur verið starfandi núliðið starfsár.

Anton

Þetta er náttúrulega hluti af hlutverkum framkvæmdastjórnar að taka þátt í slíkum nefndum

Þingfulltrúi SHÍ

Ég skil ekki alveg þessar undirnefndir. Er þetta bara tímabundið?

Anton

Já t.d. Með menntasjóðinn núna þá sátu meðlimir úr fulltrúaráði

### **Breytingartillaga lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. Breytingartillaga samþykkt.*

12 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Vangaveltur um að framkvæmdastjórn starfi í umboði fulltrúaráðs. Ykkar pæling er s.s. Sú að þetta fari á framkvæmdastjórn.

Anton

Nú hefur þetta verið undanfarið að framkvæmdastjórn sé í raun að gera þetta og fulltrúaráð hefur ekki beint snert þennan lið.

NFHB

Það meikar sens að framkvæmdastjórn sjái um þetta þar sem það myndi myndast ákveðið flækjustig ef þyrfti að taka þetta fyrir á fundi.

### **Lögð til samþykktar**

***Meirihluti samþykkur. Breytingartillaga samþykkt.***

13 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Ég skil þessa pælingu að það sé ekki þörf á þessu núna. En það gæti verið þörf á þessu seinna meir og því mætti halda þessu inni ef svo skemmtilega vildi til ef nefndir yrðu margar og fullar. Þetta yrði einnig líka frekar fljót afgreitt af fulltrúaráði.

SHÍ

Er eitthvað í lögnum um að það eigi að opna þing svo að aðrir gætu komið og verið með málfrelsisrétt. Ég sé ekkert að því að vera með smá ákvæði um að ákveðið sé hverjir og hversu margir mæta.

### **Munnleg breytingartillaga SLHÍ**

Hámarksfjöldi nefndarmeðlima skal ákveðin ár hvert.

Þingfulltrúi SHÍ

Það þyrfti þá að vera skýrara hvort að fulltrúaráð megi útfæra það nánar á hverja nefnd eða hámark á hverja nefnd fyrir sig og þá að fulltrúaráð megi ákveða hverjir mæta.

Anton

Þetta ætti líklegast heima betur í verklagi.

Þingfulltrúi SHÍ

Ég er að velta fyrir mér hvort þetta hámarksorðalag þurfi eða ekki. Hvort að upprunalega setning nái ekki yfir það.

**Munnleg breytingartillaga lögð til samþykktar**  
*Meirihluti ósamþykkur. Munnleg Breytingartillaga felld.*

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**  
*Meirihluti ósamþykkur. Breytingartillaga er felld.*

14 Lagabreyting

**Munnleg breytingartillaga Framkvæmdastjórnar**  
Haldið verði textanum sem átti að eyða en að bæta eigi við „er kynnt“ í lok setningar.

**Þingfulltrúi SHÍ**  
Mætti ekki breyta orðalaginu og í stað skýrsla stjórnar að það væri þá frekar skýrsla stjórnar.

**Breyting á upprunalegri munnlegri breytingartillögu Framkvæmdastjórnar**  
Í stað skýrsla stjórnar verði sagt “störf stjórnar á starfsárinu kynnt,,”

**Munnleg breytingartillaga lögð til samþykktar.**  
*Einróma samþykkt*

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**  
*Einróma samþykkt.*

–Fundarhlé–

# LÖGMÆTI FUNDAR / 30.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# LAGABREYTINGAR

---

15 Lagabreyting

## **Munnleg breytingartillaga framkvæmdastjórn LÍS**

Framkvæmdastjórn skal tilnefna þriggja manna kjörstjórn LÍS til fulltrúaráðs...

## **Munnleg breytingartillaga lögð til samþykktar**

*Einróma samþykkt.*

## **Breytingartillaga lögð til samþykktar**

*Einróma samþykkt.*

16 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Hvernig er þetta almennt? Í leynilegum kosningum er þá hlutfall atkvæða ekki birt. Er þá bara sagt hver vann?

Anton

Já

Þingfulltrúi SHÍ

Er venjulega ekki kynnt hlutfall ef leynileg kosning á sér stað?

Anton

Nei.

## **Munnleg breytingartillaga SHÍ (a)**

Taka út „niðurstöðu kosninga”.

## **Munnleg breytingartillaga SHÍ (b)**

Bæta við „og kynnt á landsþingi”.

Þingfulltrúi SHA

Beðið er um að kosið sé um báðar breytingartillögur.

Þingfulltrúi SHÍ

Biður einnig um að kosið sé um báðar breytingartillögur í sitthvoru lagi.

Þingfulltrúi SHÍ

Ósammála því að kosið sé um þetta í sitthvoru lagi.

Þingfulltrúi SHÍ

Þarf ekki að bæta við að niðurstöður kosninga séu einnig aðgengilegar eftir landsþing.

Fundarstjóri

Slíkt er aðgengilegt í fundargerð sem verður aðgengileg eftir þing.

**Munnleg breytingartillaga SHÍ (a) lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. Tillaga samþykkt.*

**Munnleg breytingartillaga SHÍ (b) lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. Tillaga samþykkt*

**Munnleg breytingartillaga (c) SHÍ**

Bæta við á bak við frambjóðendum.. „sé þess óskað af þingfulltrúa”

**Munnleg breytingartillaga (c) SHÍ lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. Tillaga samþykkt.*

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. Tillaga samþykkt.*

17 Lagabreyting

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**

*Einróma samþykkt.*

18 Lagabreyting

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. Tillaga samþykkt.*

19 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Mér finnst greinin orðin nokkuð óljós með þessari breytingu. Mér þætti eðlilegra að hægt væri að bjóða sig fram í stað þess að vera tilnefndur.

### **Munnleg breytingartillaga SHÍ**

Bæta við „Æskilegt er að skoðunarmaður reikninga hafi reynslu af bókhaldi af einhverju tagi”. Taka út getur „fulltrúaráð tilnefnt aðila. Skoðunarmaður reikninga LÍS er kjörinn af fulltrúaráði samtakanna” og bæta við „skal” fyrir framan framkvæmdastjórn.

Þingfulltrúi SHÍ

Er LÍS ekki með neina eiginlega félagslega endurskoðendur. Afhverju, ef ekki? Er þessi lagaklausa um félagslega endurskoðendur eða er hún um endurskoðendur sem er ráðin?

Emilía

LÍS er ekki með neina félagslega endurskoðendur því þjónustusamningur okkar við ráðuneytið krefst löggilts endurskoðanda. Þessi klausa er ef það skyldi koma að því að LÍS væri með félagslegan endurskoðanda.

### **Munnleg breytingartillaga SHÍ lögð til samþykktar**

*Meirihluti samþykkur. MB samþykkt.*

### **Breytingartillaga lögð til samþykktar.**

*Meirihluti samþykkur. Breytingartillaga samþykkt.*

20 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHA

Er verið að tala um fráfarandi framkvæmdarstjórn til nýju stjórnar? Þannig að ný framkvæmdastjórn fengi peningin.

Þingfulltrúi SHÍ

Er það ekki þannig að í félagasamtökum að maður vill reka það á núlli. Og að framkvæmdarstjóri hafi heimild fyrir því að breyta fjárhagsáætlun? Mér finnst þetta svo mikil flækja á einhverju sem er almennt? Mér finnst eðlilegt að núverandi framkvæmdastjóri hafi heimild til þess að ráðstafa því fjármagni sem þið hafið.

### **Munnleg breytingartillaga NFHB**

Allt sem er breytingartillaga fer út en upprunalegi texti standi nema bætt sé við „nema það fjármagn sem er eyrnamerkt sérstökum verkefnum á starfsárinu.

Þingfulltrúi SHÍ

Eyrnamerkt fjármagn er ekki umfram fjármagn.

SHA

Það er enginn grein um að fjármagn megi ráðstafast, er það nokkuð.

Anton

Alexandra

Það er greinilegt að mismunandi skilningur sé lagður í þessa lagagrein. Við vorum búin að komast að þessari niðurstöðu að þess þurfi ekki að breyta. Það er að segja ef skilningur fulltrúa sé þannig að þetta eigi um afgang.

— **Breytingartillaga dregin til baka af framkvæmdastjórn. -----**

21 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Ætti þetta ekki þá vera sett í fundardagskrá fyrir næstu landsþing. Að þetta sé sérstakur liður en ekki hluti af öðrum lið.

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**

***Einróma samþykkt.***

22 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Bendir á að ekki hafi verið kynnt aðildargjöld fyrir landsþing 2023.

Fundarstjóri bendir á að þetta hafi eingöngu verið bráðabirgðaákvæði og því væri það í raun sjálfdautt.

Þingfulltrúi SHÍ

Þetta var þó kynnt fyrir fulltrúaráð.

— **Breytingartillaga dæmd sjálfdauð -----**



## 23 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Hér er gert ráð fyrir að verklagsreglur sé gert af fulltrúaráði þannig að því gæti færst yfir á næsta fulltrúaráð og finnst óþarft að bæta við að þetta sé tekið fram á landsþingi.

Þingfulltrúi SHÍ

Af því að það er sérstaklega tilkynnt að fulltrúaráð og framkvæmdastjórn má vera með breytingartillögu. Mætti þá ekki þingfulltrúi vera með breytingar á verklagi? Ef svo er, þá þyrfti í raun að breyta allri greininni í heild sinni.

Alexandra

Við erum sammála því að ef þetta mætti á landsþingi að þá mættu þingfulltrúar taka þátt í þessu.

Þingfulltrúi SHÍ

Teljum að þetta eigi frekar heima í fulltrúaráðs fundum frekar en á landsþingi

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**

***Meirihluti ósamþykkur. Breytingartillaga felld.***

## 24 Lagabreyting

Þingfulltrúi SHÍ

Finnst óþarfi að þetta séu tveir.

**Munnleg breytingartillaga SHÍ**

Taka út „framkvæmdastjóri”

**Munnleg breytingartillaga SHÍ lögð til samþykktar**

***Meirihluti ósamþykkur. Munnleg breytingartillaga felld***

**Breytingartillaga lögð til samþykktar**

***Meirihluti samþykkur. Breytingartillaga samþykkt.***

## 25 Lagabreyting

**Breytingartillaga fellur niður vegna þess að sú var einungis til bráðabirgða.**

# LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# SJÁLFBÆRNISTEFNA LÍS

---

Fundarstjóri býður Kolbrúnu Láru Kjartansdóttur, gæðastjóra LÍS, að kynna breytingartillögur á Sjálfbærnistefnu samtakanna.

Fundarstjóri fer yfir

01 Breytingartillaga

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég er með þælingar en heimsmarkmiðin leggja öll áherslu á sjálfbæra þróun.

Kolbrún Lára:

Þingfulltrúi NFHB:

Það kemur líka fram í kompás

Þingfulltrúi SHÍ:

Eru heimsmarkmiðin tengd við fleiri liði í stefnunni?

Kolbrún Lára:

Ég man það ekki í fljótu bragði.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ef þið ætlið að telja þessi sérstaklega upp, þá þarf kannski að breyta nafni stefnunnar því þessi markmið eru meira um umhverfi heldur en sjálfbærni.

Þingfulltrúi SHÍ:

Skrítið orðalag að hafa „ásamt“ þessum sérstöku markmiðum þegar öll markmiðin leggja áherslu á sjálfbærni.

***Tillagan felld.***

02 Breytingartillaga

***Samþykkt með meirihluta atkvæða.***

03 Breytingartillaga

***Einróma samþykkt.***

04 Breytingartillaga

***Samþykkt með meirihluta atkvæða.***

05 Breytingartillaga

***Einróma samþykkt.***

06 Breytingartillaga

Þingfulltrúi SHÍ:

Er þetta eitthvað sem skólarnir eru almennt að sleppa. Vitum t.d. að þessu er ekki sleppt í öðrum skólum. Er með munnlega breytingartillögu: „Að háskólarnir skuli gera grein fyrir öllum losunarföldum.” Þá er minni neitun og ekki gert ráð fyrir því að þau séu að sleppa þessu.

**Munnleg breytingartillaga:** „Að háskólarnir skuli gera grein fyrir öllum losunarföldum.”

**Kosið um munnlega breytingartillögu:**

***Einróma samþykkt.***

**Kosið um tillöguna í heild sinni.**

***Einróma samþykkt.***

07 Breytingartillaga

Þingfulltrúi SHA:

Frábær tillaga og ég er frá landsbyggðinni.

Þingfulltrúi SHÍ:

Þið talið um landsbyggðina í eintölu en ætti í rauninni að vera í fleirtölu.

***Einróma samþykkt.***

08 Breytingartillaga

***Einróma samþykkt.***

09 Breytingartillaga

Þingfulltrúi SHÍ:

Er rétt orðað segja áhættusams veðurfars? Ég sé engin fordæmi fyrir þessari orðanotkun.

**Munnleg breytingartillaga:** vegna veðurhams.

Erna: Þetta hljómar vel, takk fyrir þessa breytingu.

Þingfulltrúi SHÍ:

Er heimild fyrir þessu? Það er nú þegar texti sem tengist þessu. Finnst þetta í rauninni ekki bæta neinu við.

Kolbrún Lára:

Já það er getið heimilda í textanum.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mér finnst þurfa að endurorða setninguna.

Þingfulltrúi SHÍ:

Veðurhamur er ekki til, finn það ekki.

**Munnleg breytingartillaga:** ofsaveður í stað veðurhamur.

Þingfulltrúi SHÍ:

**Munnleg breytingartillaga:** öfga í veðurfari.

Þingfulltrúi SHA:

Mér finnst mikilvægt að tillagan verði samþykkt því skilaboðin eru mikilvæg.

Þingfulltrúar SHÍ:

*Munnlegu breytingartillögurnar ofsaveður og veðurhamur eru dragðar til baka.*

„Vegna öfga í veðurfari”.

Þingfulltrúi SHÍ:

Þetta er ekki tímaspursmál og ég mun kjósa gegn þessu.

Þingfulltrúi SHÍ:

Í ljósi þess að stefnan verður ekki endurskoðuð aftur fyrr en eftir 3 ár vil ég koma með munnlega breytingartillögu til að breyta málfari.

Þingfulltrúi SHA:

Ég vil bregðast við umræðunni en mér finnst mikilvægt að við samþykkjum þessa tillögu núna.

Erna:

Það er aldrei talað um uppflosnaða einstaklinga heldur er alltaf talað um uppflosnað fólk því þetta eru hópar.

Fundastjóri býður þingfulltrúum SHA og SHÍ að samræma munnlegu breytingartillögur sínar.

**Munnleg breytingartillaga SHA og SHÍ: Setja í staðinn: Uppflosnað fólk innan síns heimalands telur nú milljónir vegna öfga í veðurfari.**

Þingfulltrúi SHÍ:

Þær tölur sem við erum að skoða núna eru um uppflosnað fólk innan síns eigin heimalands. Okkur langar að gera viðbót

Atkvæðagreiðslu frestað.

10 Breytingartillaga

Þingfulltrúi SLHÍ:

Þetta er samt erfitt að hafa tölur af þessu tagi því að ári eftir stefnuna verður talan líklegast búin að hækka.

Þingfulltrúi SHÍ:

Er að velta fyrir mér hvort það sé hægt að uppfæra stefnur t.d. bæta við heimildum án þess að það sé samþykkt á Landsþingi.

Fundarstjóri:

Það er mjög flókið ferli og myndi gefa framkvæmdastjórn fullt frelsi á að breyta og uppfæra stefnur.

Þingfulltrúi SHÍ:

Langar að vita hvort það sé hægt að Landsþing samþykki að veita framkvæmdastjórn leyfi til að uppfæra tölulegar upplýsingar á stefnum utan Landsþings.

Rannveig:

Þetta þyrfti að vera lagabreyting.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég velti fyrir mér hvar heimildin fyrir þessu sé en mér finnst ósamræmi á milli talna.

Kolbrún:

Tölurnar í upprunalega textanum eru líka af uppflosnuðu fólki sem hefur ekki tekist að flýja land og því eru tölurnar í breytingartillögunni lægri.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Ég vil koma með **munlega breytingartillöguna**: neyðst í stað þurft.

Fundarstjóri stingur upp á að framkvæmdastjórn setjist niður með þingfulltrúum SHA og SHÍ til að samræma breytingartillögur.

*Atkvæðagreiðslu frestað.*

11 Breytingartillaga

*Samþykkt með meirihluta atkvæða.*

**- Fundarhlé -**

# LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37



# SJÁLFBÆRNISTEFNA LÍS

---

Framkvæmdastjórn dregur breytingartillögu 10 til baka.

09 Breytingartillaga

Þingfulltrúi SHÍ:

Réttum heimildum hefur verið komið til framkvæmdastjórnar og **stendur munnlega breytingartillagan** eins og hún er með heimildinni.

Gengið er til atkvæðagreiðslu á munnlegri breytingartillögu.

*Einróma samþykkt.*

Gengið er til atkvæðagreiðslu á breytingartillögu 9.

*Einróma samþykkt.*

Kosið er um stefnuna í heild sinni.

*Einróma samþykkt.*

# ÁLYKTANIR KYNNTAR

---

Tvær ályktanir voru sendar inn. Ein frá framkvæmdastjórn LÍS og ein frá Stúdentaráði Háskóla Íslands. Fundarstjóri býður Alexöndru Ýr, forseta LÍS, að kynna ályktun framkvæmdastjórnar.

Í lok kynningar á **Ályktun á Landsþingi Landssamtaka íslenskra stúdenta um stöðu foreldra í námi** opnar Alexandra Ýr fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Þetta er lágmarksgreiðsla fyrir 50-100% starf. Hvort væri réttara að taka fram?

Alexandra Ýr:

Ég skil hvað þú meinar og mögulega eru það bara ítarlegri upplýsingar. Fáranlegheitin liggja svo sem í því að þetta er lágmarksgreiðsla fyrir 50% starf.

Þingfulltrúi SHÍ:

Eins og við ræddum áðan, ég vildi bara koma því fram hér, fínt að hafa upplýsingar inni en hún þarf að vera beittari.

Þingfulltrúi SFHR:

Mér fannst góður punktur í gær í fræðslunni frá Elísabetu varðandi öruggt uppeldi og tengslamyndunina. Ef foreldrar eru í vinnu og námi þá er í rauninni ekki hægt að stuðla að tengslamynduninni sem er nauðsynleg og það kemur niður á börnunum. Ég vil að það verði bætt við þeim upplýsingum.

Alexandra

Akkúrat, góður punktur. Við spurðum einmitt um einhverjar upplýsingar varðandi það. Og það væri mjög fróðlegt að sjá hvaða börn upplifa öruggt uppeldi og sjá hvort að börn námsmanna skera sig þar úr.

Þingfulltrúi NFHB

Viljum við að fókuspunkturinn sé bara að fæðingarorlofssjóð? Það er lítill hluti foreldra sem nota hann og hvort við viljum ekki tína til eitthvað fleira um stöðu foreldra í námi? Ég tek undir með SFHR með að nauðsynlegt sé vitna í fræðsluna sem við fengum í gær varðandi streituna og áhrifin sem það hefur á foreldra og börn. Það er gott að minnst á Menntasjóðinn þar sem það er búið að vera áherslumál hjá okkur.

Alexandra Ýr:

Það er komið inn á hlutverk háskólanna í þessu t.d. að gera fjölskylduvænna háskólasamfélag. Erum við með einhverja kröfu, eitthvað sem háskólar gætu sérstaklega gert?

Þingfulltrúi SHA:

Ég tók mér það bessaleyfi og ræddi við nokkra einstaklinga sem eru með mér í námi. Þetta voru allt konur og voru allar sammála að það þyrfti að hækka greiðsluna til foreldra svo hægt væri að lifa nægjanlegu lífi. Einnig að sleppa verkefnaskilum um helgar, umræður á kvöldin og sveigjanleiki í skilum fyrir foreldra.

Alexandra Ýr:

Þetta eru mjög góðar athugasemdir og einsog þú nefndir er kynjavinkillinn svo stór í þessu máli.

Þingfulltrúi SFHR:

Mig langaði að taka undir með því sem hefur komið fram. Mér finnst að ályktunin mætti vera hvassari og skýrari á kröfum okkar.

Alexandra Ýr:

Hér er mjög skýrt hverjar kröfurnar eru en við getum verið harðorðari. Við bætum við sterkari áherslu á sveigjanleika.

Þingfulltrúi NFHB

Þetta er náttúrulega undir skólunum komið hvernig útfærslu á náminu er. Mér finnst þínu óeðlilegt að við séum að setja einhverjar kröfur um að það sé ekki skil á ákveðnum dögum eða umræðutímum á kvöldin.

Alexandra Ýr:

Einsog ályktunin stendur núna erum við ekki með kröfur þegar kemur að þessu heldur markmið sem háskólarnir skulu stefna að því að ná.

Fundarstjóri lokar mælendaskrá.

Þingfulltrúi SHA:

Þetta dæmi sem ég nefndi er er eitthvað sem nemendur í mínu námi er að upplifa. Skyldumæting var í umræðutíma kl. Hálf átta á kvöldin og þurftu sumar mæður að svæfa á meðan umræðutíma stóð.

Þingfulltrúi SHA:

Háskólinn á Akureyri er með sveigjanlegt nám sem þýðir að stúdentar velja þegar þau skrá sig, hvort þau fari í fjarnám eða staðnám og ætti það að vera í boði í öllum háskólum.

Þingfulltrúi NLBHÍ:

Á hvaða vettvangi væri það að krefjast að kennarar vinna fyrir utan sinn skyldutíma. Er bara spá hvernig við getum sagt kennurum hvernig vinnutímar þeirra væru.

Alexandra Ýr:

Við eigum stefnu okkar um gæði náms og þar er komið inn á hvernig háskólasamfélag og vinnuumhverfi er æskilegt til að stuðla að gæðanámi. Varðandi það að framfylgja því þá eru ýmsir vettvangar t.d. Gæðastjóri LÍS á fundi með gæðastjórum allra háskólanna í Ráðgjafanefnd Gæðaráðs og sömuleiðis í Gæðaráði þar sem að við getum komið þessum málum áleiðis. Þið hafið líka vettvang innan ykkar eigin háskóla til að hafa áhrif.

Þingfulltrúi SHA

Mér finnst þetta frábær ályktun en við erum vonandi með fulltrúa á deildarfundum og slíkt. Þetta er mismunandi eftir námsleiðum t.d. Í HA hvernig kennslufyrirkomulag er. Ég held það sé best að aðildafélögin í tengslum við þessa ályktun hvetja þeirra fulltrúa innan deildarfunda að ýta undir sveigjanleika.

Alexandra Ýr:

Frábært ég tek undir þetta.

Mælendaskrá tæmist.

Kynning á ályktun lýkur og kosið verður um skjalið á morgun eftir að ábendingar frá þingfulltrúum hafi verið bætt inn.

Fundarstjóri býður Rebekku Karlsdóttur, forseta SHÍ að kynna ályktun frá SHÍ sem ber heitið *Framtíð háskólastigsins*. Ályktunin fjallar um vanfjármögnum háskólastigsins ásamt áherslum stúdenta er varða endurskoðun á lögum um Menntasjóðinn.

Þingfulltrúi SLHÍ

Flott ályktun. Ég fagna kaflans um ákveðnar greinar sem eru ekki veittar fjárvetiingar til þar sem listgreinar falla undir þann flokk.

Þingfulltrúi SFHR:

Mig langar að það verði betur komið inn á mikilvægi rannsókna. Flestar rannsóknir eru gerðar innan háskólanna.

Þingfulltrúi SHA:

Kannski mætti hafa þetta aðeins kjarnyrtara. Mér finnst mikilvægt að tala um eins og við ræddum í gær þ.e. Hversu fjölbreyttur hópur stúdentar eru og streitu sem fylgir háskólanámi. Mér finnst mikilvægt að koma inn á streituna og sérstaklega streituna sem Menntasjóðurinn veldur oft stúdentum.

Alexandra Ýr:

Mér líst mjög vel á ályktunina og er sérstaklega ánægð með hvað hún er í takt við nýsköpunarstefnuna sem við samþykktum í gær. Ég er ánægð hvað sýn okkar sem eru hér í dag er skýr og sameiginleg varðandi framtíð háskólastigsins. Ég tek einnig undir fyrri ummæli að hægt væri að taka ályktunina skrefinu lengra og koma inn á fleiri þætti.

Rebekka:

Ég skal reyna að taka ályktunina skrefinu lengra. Það væri gott að tengja líka við Háskólamenntun í hættu herferðina.

Þingfulltrúi SFHR

Þú nefnir að háskólastigið ætti að snúa hjólum atvinnulífsins. Hvað áttu við með því? Spurning um að þekking sé ekki nógu lýsandi. (Háskólinn skili þekkingu til samfélagsins).

Rebekka:

HVÍN hefur talað um þetta og þá sérstaklega nefnt t.d. STEM greinar sem eiga að ýta sérstaklega undir efnahagskerfið. Þannig hefur orðræðan a.m.k. verið hjá ráðuneytinu. Við teljum að fjármögnun háskólans eigi ekki að vera tegnt ákveðnum greinum sem eiga að þjóna atvinnulífinu. Mér finnst mikilvægt að við sem Landsþing LÍS ályktum um hvað okkur finnst hlutverk og framtíð háskóla vera.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mér finnst ég ekki vera ósammála því að háskólinn sé að snúa hjólum atvinnulífsins þá sérstaklega þegar kemur að t.d. heilbrigðisstörfum og slíku. Mér finnst við ekki eiga að vera beint ósammála því að háskólinn eigi að sinna þörfum atvinnulífsins.

Rebekka:

Það stendur líka að í ákveðnum tilfellum sé tenging við atvinnulífið nauðsynlegt en á ekki að vera eini áhrifaþátturinn.

NLBHÍ

Inn í þessum fjárveitingum var þá skoðað t.d. fjármagn sem kom að húsnæði t.d. kennslustofur og slíkt. Er eitthvað verið að ræða þetta eða eitthvað sem þarf að ræða um? Stúdentar eiga að búa við nægjanlegt stuðningskerfi, hvað er þá verið að ræða um þar? Er verið t.d. að tala um jafnt aðgengi að stúdentaíbúðum og slíkt?

Rebekka:

Við getum krafist þess já en það sem er til endurskoðunar núna er reiknilíkan háskólastigsins og því erum við að fókusa á það núna. Varðandi stuðningskerfi er ég að meina Menntasjóðinn. Markmiðið var að kjarna þessi tvö mál sem eru í umræðu innan Ráðuneytisins núna.

Mælendaskrá lokast.

Þingfulltrúi SHÍ:

Í kjölfarið við SFHR er varðar rannsóknir. Ég tek undir það og finnst að það mætti leggja áherslu á mikilvægi rannsókna innan háskólanna og hvernig slíkar rannsóknir þjóna samfélaginu og atvinnulífinu.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Þið töluðuð áðan um hvað við erum að einblína á einsog Háskólamenntun í hættu. Háskólarnir eru að þróast í stöðnun og litla sem enga framþróun sem þýðir stöðnun samfélagsins í heild.

Mælendaskrá tæmist.

Fundarstjóri mun tilkynna hvenær uppfærðar ályktanir koma inn í fundargerð og kosið verður um þær á morgun.

# KYNNING FRÁ RANNÍS

---

Svandís frá Rannís sem starfar hjá landsskrifstofu ERASMUS+. Hún kynnir störf Erasmus+ og möguleika á t.d. skiptinámi. Hún nefnir sérstaklega styrki til foreldra þegar kemur að tækifærum sem Erasmus+ býður upp á.

- Fundarhlé -

# LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0 atkvæði

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37



# VERKÁÆTLUN KYNNT

---

Fundarstjóri útskýrir fyrirkomulag á kynningu verkáætlunar en þar sem að engar breytingartillögur bárust frá aðildarfélögunum er ekki hægt að gera breytingar á þinginu sjálfu. Fundarstjóri býður Ernu Benediktsdóttur, jafnréttisfulltrúa LÍS, að stíga í pontu og kynna verkáætlun samtakanna.

Þingfulltrúi SHÍ:

Það fór fram hjá mér að ég gæti ekki verið með breytingartillögur hér. Ég ætla þó að byrja á að spyrja út í sameiginlegan fund jafnréttisnefnda og fulltrúa, sá kafli er smá flókinn, væri til í að hann væri skýrari. Í ljósi þess að það var ein stór herferð núna og LÍS fékk aukið fjármagn frá aðildarfélögum til að geta haldið hana. Það þarf að gæta þess að ef það eru tvær herferðir að gera viðeigandi ráðstafanir með fjármálin. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði varðandi vísindaferðir. Einnig er kemur að vinnuþingum LÍS, ég tel það óþarfi að halda 3 þing og tel það betra að halda eitt gott stórt þing. Mun senda bókun varðandi vinnuþing.

Alexandra:

Varðandi vinnuþing býst ég við bókun frá þér varðandi þetta mál. Með herferðina þá var hún af mun stærri skala í ár en við bjuggumst við og það á ekki að vera venjan að fá aukið fjármagn frá aðildarfélögunum og verður ekki gert. Vísindaferðir verða sameiginlegar með BHM og kostað af þeim.

Þingfulltrúi SFHR:

Talandi um samfélagsmiðla átak, ég vildi bara spyrja hvort þið hafið íhugað tiktok?

Alexandra Ýr:

Já við bjuggum til aðgang að TikTok í vikunni!

Þingfulltrúi SLHÍ

Sá að það stendur að halda áfram að kynna fræðsluefni er varðar menntasjóðinn, mig langar bara að spyrja hvernig þið hafið verið að gera það? Það gæti alveg verið áhugavert að veita betri fræðslu um menntasjóðinn.

Alexandra Ýr:

Við erum með herferðina í gangi núna og snýr að Menntasjóðnum. Við miðlum okkar kröfum um Menntasjóðinn þar. Við höfum þó ekki verið að fræða mismunandi skóla vegna þeirra eigin réttinda er varðar lánasjóðinn, heldur frekar almennt en hægt er að óska eftir fræðslu frá okkur eða stúdentafulltrúum í stjórn sjóðsins.

Kolbrún Lára:

Á heimasíðu okkar er fræðsluefni um Menntasjóð Námsmanna.

Þingfulltrúi SHA:

Hvernig er ákvarðað launað stöðugildi almennt? Þetta er innan kaflans uppbygging aðildafélaga. Þar stendur að það eigi að vera ákvarðað nýjar launaðar stöður innan stúdentahreyfinga og langaði að athuga hvernig þetta er ákvarðað og gert.

Alexandra Ýr:

Það er framtíðarsýn LÍS að öll aðildarfélög samtakanna séu með starfsmann og launuð stöðugildi. LÍS myndi aldrei taka ákvörðun um hvaða aðilar það væru.

Þingfulltrúi SHÍ

Mig langar að spyrja út í Réttinda Ronju. Hvað hefur verið gert og eru plön að vekja frekari athygli á þessu verkefni?

Erna:

Planið hefur verið að vinna meira í þessu en tæknilegir örðugleikar hafa spilað stórt hlutverk. Aðallega er varðar vefsíðuna og erum að vinna í að koma því aftur í loftið ásamt því að vinna í yfirliti um aðgengi innan háskólanna ásamt því að vera í góðu samstarfi í ÖBÍ.

### **Bókun frá SHÍ:**

„Stúdentaráð Háskóla Íslands ítrekar þá afstöðu sem fram hefur komið á fulltrúaráðsfundum þessa starfsárs um að ástæða sé til að halda færri vinnuþing.

Þrjú vinnuþing á einu starfsári krefjast mikillar viðvera fyrir fulltrúaráðs meðlimi sem nú þegar eru með margt í gangi hjá sínum aðildarfélögum sem og að mikill kostnaður er áætlaður í þingin í fjárhagsáætlun. Jafnframt fer mikill tími í það hjá framkvæmdastjórn að halda utan um þetta sem eðlilegt væri að forgangsraða betur í ljósi fjárhagsstöðunar nú.

Stúdentaráð Háskóla Íslands vill því beina því til framkvæmdastjórnar að skoða að halda frekar eitt markvisst þing í stað þriggja, líkt og raunin var á seinasta starfsári og í staðinn séu fulltrúaráðsfundir nýttir enn betur fyrir stefnumótun eða upplýsingaflæði sem þörf er á yfir starfsárið.”

SFHR, SHA, SLHÍ, NLBHÍ styðja bókunina.

Þingfulltrúi NFHB

Við myndum styðja tvö þing, eitt sem yrði fyrir áramót og eitt eftir áramót.

Verkátlan er lögð til samþykkis.

***Einróma samþykkt.***

# FJÁRHAGSÁÆTLUN KYNNT

---

Engar breytingartillögur bárust á fjárhagsáætlun fyrir frest en það er hægt að eiga umræður um hana. Gengið verður til kosninga í lok umræðna.

Þingfulltrúi SHÍ:

Í ljósi þess að fjárhagsáætlunin kom ekki á tilsettum tíma inn í fundargögn, hvernig frestur fyrir aðildarfélög að skila inn breytingartillögum?

Fundarstjóri:

Samkvæmt lögum er það 14 dögum fyrir Landsþing.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég óska eftir fundarhléi.

Kosið um fundarhlé

***Einróma samþykkt.***

- Fundarhlé -

# LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0 atkvæði

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# ÁRSREIKNINGUR LÍS

---

Fundarstjóri býður Emilíu Björt Írisardóttur Bachmann, framkvæmdastjóra LÍS, að stíga í pontu og kynna ársreikning síðasta árs. Fundarstjóri opnar fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltrúi SHÍ

Ferðakostnaður eða sundurliðun á kostnaði, hvað felur hann í sér?

Emilía Björt:

Hann felur í sér ferðakostnað fyrir Landsþing.

Þingfulltrúi SHÍ:

Er þá erlendar ráðstefnur allt sem felur sér í því?

Emilía Björt:

Já það eru ráðstefnugjöld, dagpeningar, flugin og annar ferðakostnaður.

Gengið er til kosninga um ársreikning samtakanna 2022.

***Einróma samþykkt.***

# FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fundarstjóri útskýrir fyrir þinggestum ferlið.

Kosið er um hvort þingið samþykki umræður um fjárhagsáætlun.

## ***Einróma samþykkt.***

Fundarstjóri býður Emilíu Björt Írisardóttur Bachmann, framkvæmdastjóra LÍS, að stíga í pontu og kynna fjárhagsáætlun. Fundarstjóri leggur til að byrjað er á umræðum um málefni sem tengjast ekki aðildargjöldum. Opnað er fyrir umræður.

Þingfulltrúi SHÍ:

Nokkrar spurningar. Sérstaklega þegar ég var að bera saman við raunkostnað á þessu starfsári og var hann í raun lægri en gert ráð fyrir í fyrra. Ég vildi bara spurja hvers vegna væri þá enn verið að gera ráð fyrir því?

Emilía Björt:

Já það var í rauninni gert til að ráðstafa fjámögnun eftir forgangsroðun.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mér finnst eðlilegt að fjárhagsáætlun leggur til það sem raunverulega mun vera gert. Þá sérstaklega er varðar þá hluti sem ekki var nýttur. En hvað er ferðasjóður? Hvað felst í fræðslu fyrir framkvæmdarstjóra og forseta?

Emilía Björt:

Ferðasjóður er sjóður sem LÍS á tiltækan fyrir aðildarfélög ef þau þurfa að gera sér ferð til að mæta á fundi eða þing LÍS. Dæmi er að SHA gæti sótt um styrk úr ferðasjóð til að borga fyrir ferð til Reykjavíkur á fund á vegum samtakanna.

Þingfulltrúi SHÍ:

Svo var ég að velta fyrir mér en það er sérstakur Erasmus launakostnaði fyrir vinnu fyrir Landsþing? Þannig að landsþingsnefnd fékk ekki greitt fyrir sína vinnu?

Emilía Björt:

Það var framkvæmdastjórn. Það hefur aldrei verið til umræðu um að landsþingsnefnd fái greitt fyrir sín störf en það má vel taka það upp.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég var að velta fyrir mér ESU gjöldum. Áætlun var mikið hærri en raunkostnaður var. Er verið að hækka gjöldin eða afhverju er verið að áætla meira en í raun var?

Emilía Björt:

Það er lengi búin að vera umræða hjá ESU um hækkun aðildargjalda og því er þetta sigrúm til ráðstöfunar fyrir því ef eða þegar þessi breyting verður.

Þingfulltrúi SHÍ:

Getur ESU bara breytt gjöldum bara sísvona fyrir næsta starfsár?

Sigríður Helga:

Það er þing í maí þar sem það er til umræðu. Líkt og á Landsþingi þurfa fulltrúar aðildarféлага ESU að kjósa um málið. Gjöld ESU eru í samræmi við fjölda nemenda bakvið hvert aðildarfélag. Mun deila þessu með fulltrúaráði eftir BM í vor.

Þingfulltrúi SHA:

Varðandi ferðsjóðinn. Ég veit ekki hvort hann sé notaður í eitthvað annað. En t.d. við myndum ekki nýta okkur þennan ferðasjóð þar sem við eigum slíkan sjóð í okkar eigin fjárhagsáætlun.

Varðandi styrk vegna launakostnaðar vegna Landsþings frá Erasmus, mér þætti eðlilegast að landsþingsnefnd fengi laun úr því og hafa það í huga fyrir næsta ár ef við fáum styrkinn aftur.

Emilía Björt:

Já algjörlega.

- Fundarhlé -



# LÖGMÆTI FUNDAR / 31.03

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# FJÁRHAGSÁÆTLUN

---

Fundarstjóri opnar fyrir umræður um aðildargjöld í fjárhagsáætlun. Fundarstjóri fer yfir verklag þegar kemur að samþykkt og höfnun fjárhagsáætlunar. Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá.

Þingfulltrúi SHÍ :

Umræður um aðildagjöld voru langar og heitar í fyrra. Mér finnst eins og umræðan í fyrra hafi verið ákveðin lending. Mér finnst eins og samráð og nánari útfærslur sé eitthvað sem ætti að vera í gangi og eigi að eiga sér stað áður en aðildargjöld eru hækkuð.

Fundarstjóri:

Við höfum klukkustund í umræður. Landsþing er vettvangur til að ræða þessi málefni.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég tel að þessi hækkun eigi ekki að eiga sér stað. Skólar eru mis vel stæðir og er íþyngjandi fyrir aðildafélög. Ég tel að LÍS eigi að vera fjármagnið með öðrum hætti og með tilvonandi endurnýjun á samstarfsamning við Ráðuneytið sé tækifæri til þess að bæta við fjármagni. Ég tel að LÍS sé í góðri stöðu til þess að ná góðum samning og samræðum við Ráðuneytið.

Emilía Björt:

Við erum að bíða eftir spurningalista frá Ráðuneytinu en við fengum upplýsingar frá þeim síðast í febrúar. Eftir að við höfum skilað spurningalistanum fer ferlið aftur í gang varðandi hækkun styrks frá þeim.

Alexandra Ýr:

Það er mikilvægt að eiga þetta samtal hér og að sjálfsögðu átti að standa öðruvísi að þessu og kynna þetta betur fyrir Landsþing. Eins og kom fram í kynningu Emilíu voru aðildargjöldin þau sömu frá 2018 til 2022 eða 1,1 milljón. Ég var ekki á seinasta landsþingi og misst því af þessum umræðum þá. En það sem ég hef heyrt frá aðilum er að ein ástæðan hafi snúist um óánægju með starf LÍS það ár, en ef það er ástæðan þá vil ég ítreka að þetta hafi áhfrif á næstu stjórn.

En eins og Rebekka sagði þá nýttum við okkur þessar umræður á fundi með Ráðuneytinu. En Ráðuneytið notaði þetta gegn okkur og nýttu það sem greinilegt vantraust á starf LÍS og nýtti í samning við okkur. En af því að við erum núna að fara inn í þetta samtal við Ráðuneytið þá tel ég að það sé ekki gott veganesti inn í þetta samtal við Ráðuneytið þá væri stöðnun aðildagjalda ekki góð. Ekki öll félögin greiða aðildargjöldin sjálf en nokkur af aðildarfélögum samtakanna fá styrk frá háskólunum sem félagið er við.

Emilía Björt:

Ég skoðaði verðlagsreiknivél Hagstofunar og 1,1 milljón frá 2018 er samkvæmt verðlagsbreytingum í dag u.þ.b. 1,4 milljónir. En mv. launavísitölu er sú upphæð 1,5 milljónir.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Við erum einn af þessum skólum sem Alexandra nefndi en LHÍ borgar aðildargjöld SLHÍ í LÍS en það er ekkert óeðlilegt að LHÍ myndi hætta að borga fyrir okkur ef gjöldin hækka mikið meira. Það var lækkað um  $\frac{1}{3}$  í fyrra og er verið að hækka um  $\frac{1}{3}$  núna miðað við hvernig gjöldin voru fyrir lækkun. Mér finnst umræðan því ekki meika sens út frá samhenginu.

Emilía:

Ég skil sjónarmiðin og er ekki ósammála þessu. Það er mikilvægt í samhenginu að samningur okkar við Ráðuneytið rennur út um áramótin og erum því síðasta stjórnin í röð stjórna þar sem tekjustofnar hafa verið frosnir frá 2018 og við vitum öll að verðlag hefur hækkað mjög mikið á þessum tíma. Þetta snýst um að næsta stjórn geti haldið starfsemi áfram þar til nýr samningur verður gerður.

Alexandra Ýr:

Lækkunin í fyrra var tímabundin lækkuð og því skiptir samhengið máli.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mætti ég fá hnitmiðaðan rökstuðning bakvið hækkun á aðildagjöldum?

Emilía Björt:

Af því að aðildargjöldin eru virkilega lág sem 770.000 og eru virkilega lág í samanburði við Norðurlöndin en hækkunin sem stungið er upp á er 9,7% af heildatekjum samtakanna. Samningurinn við Ráðuneytið var mjög óheppilegur þar sem það var föst upphæð í 5 ár á meðan samningurinn var í gildi. Það hefur verið erfitt að halda í við þessar hækkunir sem eru í gangi í samfélaginu. Starfshlutfall skrifstofu LÍS var lækkað talsvert til að bregðast við lækkun aðildargjalda og við gátum ekki fjármagnað starfsemina.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mig langaði aðeins að tjá mig um þetta þar sem ég var á Landsþingi í fyrra. Mig langaði að varpa fram minni upplifun af því sem átti sér stað í fyrra. Aðilarfélögum fannst í fyrra undarlegt að gjald aðildafélagag hækkaði en ekki frá ríkinu. En mér brá þessi mikla hækkun á aðildagjöldum. Mín upplifun var sú að LÍS myndi leita allra leiða til þess að fjármagna sig í stað aðildagjalda. Við hjuggumst svo sem við einhverri hækkun en ekki svona mikilli hækkun. Markmið með breytingunni í fyrra var ekki til þess að kippa fótum undan LÍS. Ég held í vonina um að samstarf við Ráðuneyti verði gott og að samningur við Ráðuneytið mun verða góður og mun skila góðu fjármagni. Vísitölutenging???

Í gömlu lögum stóð að vísitölutenging væri við aðildagjöld. Ég tel að þessi hækkun sem lögð er fram hér sé hærra en ef haldið væri í vísitölutengingu. Það er fólk hér sem sat á Landsþingi í fyrra og það hefði verið gott að leita til þeirra aðila varðandi umræður um hvað kom fram og hvernig þessu ætti að vera háttað núna í ár.

Sigríður Helga:

Já það er rétt en svo var lögnum breytt svo gjöldin yrðu ekki tengd við vísitölu.

Þingfulltrúi SHÍ:

Mig langar að halda áfram með t.d. Verðlagspunkti og ég skil að það sé hluti af útreikningi við þessa hækkun hér. Upplifun er að það sé ekki verið að taka tillit til þeirrar umræðu sem áttu sér stað í fyrra. Í fyrra var rætt um að þetta væri íþyngjandi kostnaður og teljum það enn.

Í samanburði við Norðurlöndin eru aðildagjöldin lág en það eitt og sér eru ekki nógu góð rök fyrir hækkuninni í ár. Mér þætti eðlilegra að reynt sé að hækka starfshlutfall og nýta sér þau rök um vöntun á fjármagni þegar rætt er við ráðuneytið.

Þingfulltrúi SHA:

Ég sat Landsþing í fyrra og þetta er að sjálfsögðu mikið hitamál og vil taka undir þingfulltrúa SHÍ með að það var aldrei ætlunin að lýsa yfir vantrausti á stjórnina með lækku aðildargjalda og okkur þykir leitt að Ráðuneytið hafi tekið því sem slíku. Mér finnst að miðað við áhersluatriði fjárhagsáætlunar sé hægt að lækka kostnað vinnuþinga og sömuleiðis lækka aðildargjöldin í saræmi við það.

Emilía Björt:

Þá er alþjóðastarfið meginþunginn í samningi við Ráðuneytið, aðildafélögin eru ekki til þess að standa straum af því.

Sigríður Helga:

Á síðasta Landsþingi kom fram að LÍS ætti að skoða samanburð við Norðurlöndin og leita annarra leiða til að fjármagna samtökin, sem var að sjálfsögðu gert. Aðildargjöld LÍS eru mjög lág í samanburði við Norðurlöndin og á alþjóðlegum vettvangi. LÍS þarf að leggja mikið á sig til að halda starfseminni gangandi og t.d. þurfti að lækka stöðugildi starfsfólks LÍS þegar aðildargjöldin voru lækkuð. Við erum búin að vera leita annarra leiða aog erum búin að skoða norðurlöndin. Okkur langar svo að vita hvað finnst ykkur raunverulegt, þar sem aðildagjöldin eru svo ótrúlega lág eins og málin standa núna.

Þingfulltrúi SHA:

Ég skil röksemdir þeirra í framkvæmdarstjórn. Mér finnst smá óþægilegt varðandi þetta frá Ráðuneytinu því þau geta sagt eitt í dag og annað á morgun en eins og þingfulltrúi SHÍ. Vissulega er búið að skoða eitthvað t.d. búið að skoða önnur norðurlönd. En mér finnst eiga að pressa meira á stjórnvöld.

Sigríður Helga:

Við þurfum líka að skoða hversu háð Ráðuneytinu við erum en ég hef rætt það við kollega mína á Norðurlöndunum en þar fá þau ekki jafn háan styrk frá Ráðuneytinu til þess að gæta sjálfstæðis og hlutleysis samtakanna. Í ESU er t.d. ekki hægt að vera aðildarfélagi ef félög eru eingöngu styrkt af Ráðuneytum.

T.d. hef ég mikið rætt við kollega í Danmörku og þau fjármagna mikið af sinni starfsemi með verkefnum. En slíkt er ekki hægt hjá okkur þar sem fjármagn er ekki til staðar.

Þingfulltrúi SHA:

Viltu útskýra nánar hvernig það virkar á Norðurlöndunum ?

Sigríður:

Í Svíþjóð

Í Danmörku fá þau engan styrk frá ráðuneytinu.

Hvernig viljum við að Landssamtök íslenskra stúdenta séu að fjármagna sig. Það komu komment í fyrra að halda t.d. viðburði og fjármagna okkur þannig. En það er ekki í samræmi við t.d. á norðurlöndum og þau hika t.d. að hengja sig á önnur fyrirtæki. E

Þingfulltrúi SFHR:

Ef aðal grundvallaratriði samanburður við Norðurlönd, en mig langar að heyra hvað þau eru að gera á Norðurlöndunum t.d. hvaða verkefni eru þar og hvað myndu þið gera við þetta auka fjármagn?

Þingfulltrúi SHÍ:

Eins og svo margt annað hér á landi þá er nánast ekkert af undirstöðum hér á landi fjármagnað á sama hátt og er á Norðurlöndunum og því ættum við ekki að bera okkur of mikið saman við þau. Þegar við tölum um hverjum við viljum vera háð þá erum við alltaf háð einhverjum sem stúdentar, ef við erum ekki háð Ráðuneytinu erum við kannski háð háskólunum. Það ætti að tryggja að ef við gerum samning að það sé til styttri tíma. Samvinnuverkefni okkar til lengri tíma að tryggja þessar undirstöður.

Þingfulltrúi SLHÍ:

Mér finnst eins og ef þið ætlið að fela ykkur á bakvið þetta minnisblað, þá langar mig að sjá hvað er að koma beint frá skólunum og hvað er að koma beint frá stúdentafélögum. En til þess að geta falið sig á bakvið þessar upplýsingar þá finnst mér eins og þessar upplýsingar komi fram.

Þingfulltrúi SHÍ:

Nokkrir puntkar sem ég vil bregðast við. Í fyrsta lagi þarf að taka samtal um hverjum við viljum vera háð. Það var samþykkt í fyrra að það yrði sent bréf á Ráðherra sem var gert í kjölfar Landsþings LÍS. Þar kom fram að LÍS skuli leita annarra leiða til fjármagns. Þó að SHÍ sé háð HÍ þá er þetta ekki fullkominn heimur og er nauðsynlegt eins og staðan er í dag. Það þarf að skoða hvernig önnur regnhlífarsamtök á Íslandi fjármagna sig. Mér finnst eins og ákveðin hluti af því sem var rætt í fyrra var skoðað en ekki rest.

Mælendaskrá er lokað.

Þingfulltrúi SFHR:

Ég vildi nefna samanburðinn við Norðurlöndin en ég veit að stúdentafélög t.d. í Danmörku afla sér fjármagns með leiðum sem eru ekki mögulegar hér á Íslandi. Ég vildi líka nefna að það er á döfnni að skerða tekjur til háskólanna og það er óvíst hvaða afleiðingar það mun hafa fyrir aðildarfélögin. Okkar samningur við HR er alltaf bara til eins árs.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég sendi inn á chat þetta bréf sem sent til ráðherra og þykir þetta bréf hafa góðan tilgang. Þar kemur fram að þessi lækkun var einungis gerð til þess að þrýsta á ráðuneytið og alls enkkert vantraust á starf LÍS. Það kemur ekkert fram um norðurlöndin en kemur fram önnur aðildafélög. Þar stendur einnig að það átti að koma tillögur frá aðildafélögum og átti að ræða fyrir landsþing en var ekki gert, sem er miður.

Þingfulltrúi SHÍ:

Bréfið hefst á þessari setningu: „Landssamtök íslenskra stúdenta lýsa því yfir að aðildargjöld samtakanna séu fjárhagslega íþyngjandi fyrir aðildarfélög þess. Vegna fjárhagsstöðu aðildarfélaganna sjá þau sér ekki fært að halda áfram að greiða gjöldin í núverandi mynd og var því lögð fram lagabreytingartillaga á vegum Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA), Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) og Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík (SFHR).”

Ef haldið var við verðlagstengingu þá er þessi hækkun 200.000kr hærri en ef þessi lagabreyting hefði ekki farið í gegn. Það er ekki fræðilegur að þessi upphæð sé ekki að fara vera íþyngjandi.

Alexandra Ýr:

Það er að sjálfsgöðu nauðsynlegt að eiga þetta samtali. Ég vil taka það skýrt fram að ég veit að ástæðan á baki lækkunarinnar átti ekki að verða vandamál. Það skiptir gríðarlega miklu máli hvernig þessi fjárhagsáætlun lítur út þegar við göngum að samningum við Ráðuneytið. Flest sem hefur verið sagt í umræðum hér á undan en ég ætla ekki að bregðast við stökum sjónarmiðum. Það virðist vera á reiki afhverju smanburður við Norðurlöndin er í forgangi. Ég vil setja athugasemd við orðalagið sem kom fram hér áðan varðandi að við séum að „fela okkur á bakvið minnisblaðið“. Það er ekki rétt þar sem að samanburðurinn við Norðurlöndin var gerður að ósk Landsþings. Við unnum samkvæmt samþykkt Landsþings í fyrra.

Sigríður Helga:

Við höfum t.d. takmarkaða starfsemi alþjóðlega. Miðað við Norðurlöndin eru alþjóðafulltrúar þar í fullu starfi og ekki í námi. Það hefur verið smá kapphlaup að vera samkeppnishæf miðað við starfsemi þeirra. Við höfum ekki sett neitt ákveðið í verkáætlun fyrir næsta starfsár. Þau verkefni sem verið er að framkvæma þar eru ekki möguleg hér á landi sökum skorts á fjármagni. Þegar ég fer erlendis og emilía sérstaklega, þá höfum við leitað leiða til þess að minnka kostnað eins og við getum. Student Refugees var t.d. rekið á núlli í hálf ár þar sem að við höfum verið að leita annarra leiða til að fjármagna verkefni og fengið t.d. matarstyrki fyrir viðburði. Við fengum að lokum styrk, þökk sé framkvæmdastjóranum okkar. Við þurfum að vera samkeppnishæf og geta sinnt þeim störfum sem önnur lönd eru að gera. Ég fór á 6 ráðstefnur á ári og er það mjög mikið með námi og vinnu. Það er takmarkað hvað við getum gert og fengið á þessum alþjóðavettvangi, það þarf að hækka starfshlutföll og byrja á svipuðum verkefnum sem norðurlönd hafa verið að gera.

Emilía Björt:

Verkefnatengdir styrkir eru verkefnatengdir og ekki grunnhlutverk LÍS að nota þau í fjármögnun samtakanna í heild sinni. Til þess að sækja um verkefnatengda styrki þarf fólk sem hefur tíma og tækni á að gera það. Styrksúmsóknir eru misþungar og við fengum oft höfnun. Það er ekki hægt að segja að við sóttum ekki annarra leiða til að fjármagna samtökin og verkefni þeirra.

Mælendaskrá er tæmd.

Fundarstjóri bendir á valmöguleikana sem þingfulltrúar hafa. Þeir eru að samþykkja eða hafna fjárhagsáætlun. Ef fjárhagsáætlun er hafnað verður önnur lögð fram á Skiptafundi samtakanna. Fundarstjóri fer stuttlega yfir fjármögnunar sögu samtakanna frá upphafi stofnunar. Vitneskja dettur niður á milli Landsþinga og verkefni gleymast og er ekki fylgt eftir af því að við höfum ekki mannskapinn í það miðað við núverandi stöðugildi. Núverandi stöðugildi eru 1,3 á skrifstofu LÍS. Langflest aðildarfélag stúdentasamtaka í Evrópu hafa fastan starfsmann til að þessi vitneskja leggst ekki niður og að verkefnum sé fylgt eftir. Svo að það sé raunveruleiki fyrir LÍS þurfum við að hækka stöðugildi og bjóða fólki mannsæmandi laun fyrir þessa gríðarlega

miklu vinnu sem þau leggja á sig í framkvæmdastjórn LÍS. Það þarf að leggja til stefnu um fjármögnun samtakanna þar sem að þetta yrði tekið fyrir.

Fundarstjóri boðar til atkvæðagreiðslu á fjárhagsáætlun samtakanna.

## **Fjárhagsáætlun lögð til samþykktar**

### ***Einróma felld.***

Forseti SHÍ les bókun fyrir hönd SHÍ, SHA og SFHR.

„Á Landsþingi 2022 var lögð fram tillaga um lækkun aðildargjalda af stúdentahreyfingum HÍ, HR og HA á þeim grundvelli að félögin töldu aðildargjöldin vera of mikil byrði fyrir félögin.

Sú lagabreyting var samþykkt til eins árs með þeim tilmælum að á starfsárinu þyrfti framkvæmdastjórn LÍS að skoða hvernig aðildargjöld annarra álíka félaga á landsvísu, þ.e. innanlands, væri háttað ásamt því að óska eftir tillögum að útfærslu á aðildargjöldum frá öllum aðildarfélögum LÍS. Þar kom jafnframt fram að á landsþingi 2023 skyldi LÍS bera upp tillögu um ný aðildargjöld og að sú tillaga LÍS skyldi vera kynnt aðildarfélögum vel fyrir þingið.

Framkvæmdastjórn hefur tekið saman hvernig aðildargjöldum annarra félaga í nágrennalöndum er háttað og leggur nú til tvöföldun á aðildargjaldinu í fjárhagsáætlun.

Undirrituð gagnrýna harðlega þessi vinnubrögð - að hér sé lögð til hækkun á gjöldunum sem nemur hærrí upphæð en fyrri lög gerðu ráð fyrir, ekki hefur verið gerður samanburður við sambærileg samtök hér á landi og samtal við aðildarfélögin hefur ekki átt sér stað, þvert á samþykktir fyrra landsþings og ákvæði í lögum LÍS þess efnis. Undirrituð telja enn nauðsynlegt að slíkt samtal eigi sér stað og hafna því fjárhagsáætlun eins og hún stendur núna.”

SLHÍ styður bókunina.

- Fundarhlé -



# KYNNING Á AFURÐ VINNUSTOFA

---

Fundarstjóri býður Sólveigu Birnu Elísabetardóttir og Emblu Líf Hallsdóttur að kynna samantekt á vinnustofum sem fóru fram á fimmtudag, 30. mars. Afurðin úr vinnustofu nýtist sem grunnur að Stefnu stúdenta í fjölskyldumálum sem stefnt er að verði lögð fyrir Landsþing 2024.

Í samantekt var komið inn á mikilvægi þess að bjóða foreldrum að borðinu. LÍS mun skipa tímabundna fjölskyldunefnd innan samtakanna þar sem foreldrar í námi fá vettvang til þess að koma sínum hagsmunamálefnum á framfæri.

Einnig var til umræðu að LÍS myndi hafa frumkvæði að stofnun vettvangs/sambands foreldra í námi.

Opnað er fyrir spurningar úr sal.

Þingfulltúi SHA

Ég ræddi við samnemnedur mína sem eru foreldrar og flestar af þeim eru mæður og nefndu þær sérstaklega að herbergji fyrir foreldra t.d. hreiður og væri það eitthvað sem þær myndu vilja og nýta.

-Kaffihlé-

# LÖGMÆTI FUNDAR/ 01.04

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# ÖNNUR MÁL

Fundarstjóri býður Alexöndru, forseta LÍS að koma og kynna ályktun LÍS sem breytt hefur verið með tilliti til athugasemda sem bárust í gærdag.

Ályktun LÍS **um stöðu foreldra í námi** er lögð til samþykktar Landsþings.  
*Einróma samþykkt*

Fundarstjóri býður Rebekku, forseta SHÍ að koma og kynna **ályktun um framtíð háskólastigsins** sem breytt hefur verið með tilliti til athugasemda sem bárust í gærdag.

Ályktun um framtíð háskólastigsins er lögð til samþykktar Landsþings.  
*Einróma samþykkt.*

## SHA: Annað mál

SHA leggur til að næsta Landsþing LÍS verði haldið dagana 22.-25. febrúar 2024.

Fundarstjóri opnar fyrir mælendaskrá

Alexandra Ýr:

Mér finnst mjög gott að þetta sé tekið upp hér og gæti orðin góð venja að ákveða dagsetningu Landsþings á Landsþingi. Þó finnst mér þetta fullsnemm dagsetning. Þetta er heljarinnar vinna og tekur svolítin tíma. Undirbúningur hefst oft í kringum jólin og því er stutt í Landsþing. Önnur ástæða fyrir því að þetta þykir frekar snemmt er að hafa er að framkvæmdarstjórn endar starfsár sitt í maí og er því frekar langur tími sem líður frá þessari dagsetningu og að lok starfsárs. Ég veit það hefur myndast hefð fyrir mars en ég velti því fyrir mér hvort það sé betra að hafa dagsetninguna í lok maí þegar skólaárinu lýkur.

Þingfulltrúi SHA:

Landsþing hefur oft verið í byrjun mars og mars er pakkaður hjá öllum aðildarfélögunum. SHA og SFHR áttu t.d. mjög erfitt með að manna þingfulltrúa. Ég er opin fyrir lok maí en þá þarf að skoða fyrirkomulag prófa í skólum vel. Það eina sem ég helst veit er að mars er nánast alveg off.

Þingfulltrúi SHÍ:

Ég fagna þessu frumkvæði að ákveða dagsetningu Landsþings svona snemma. Í fljótu bragði sé ég enga árekstra við aðra viðburði við febrúar dagsetninguna. Gallinn við lok maí er að fólk er farið að vinna í sínum sumarstörfum og á erfitt með að fá frí virka daga. Sjúkra- og endurtektarpróf eru einnig haldin í maí.

Anton:

Þá er kannski loksins hægt að tilnefna fulltrúaráðsmeðlimi ef dagsetning er í lok maí eða aðeins seinna þar sem þá geta aðildafélög séð betur hverjir verða í næsta fulltrúaráði þar sem kosningar eru annað hvort að hefjast eða klárast.

Þingfulltrúi NFHB:

Jafnréttisráðstefnan verður 12. - 17. Febrúar. Ef við skiptum og höfum Landsþing í maí væri þá hægt að hafa skiptafund á síðasta degi Landsþings?

Þingfulltrúi SHÍ:

Mér finnst gott að við séum að taka þessa umræðu. Þessi dagsetning hljóma vel fyrir okkur. Helgin 9.-10. mars hljómar vel fyrir okkur líka. Bara til þess að koma með aðra þælingu. Ég er mjög mótfallin því að halda Landsþing í lok maí þar sem ég þekki af reynslu að það er mjög erfitt að fá stúdenta til að taka þátt á þessum tíma árs.

Sigríður Helga:

Mér finnst maí henta illa fyrir alþjóðafulltrúa LÍS líka því að þá er viku þing hjá ESU. Ég vildi líka nefna að í febrúar er yfirleitt ekki mikið af ráðstefnum svo út frá alþjóðlegu sjónarmiði þá gengur dagsetningin í febrúar upp. Ég sting upp á að ef við náum ekki dagsetningu í dag að það verði borið upp á Skiptafundi samtakanna en þá er nýtt fólk í fulltrúaráð komið inn og þau sem eru í forsvari fyrir stúdentafélögin komin með dagsetningar viðburða á hreinu.

Þingfulltrúi NFHB

Líka varðandi staðsetningu þá eru komnar nokkrar þælingar, en ég veit að NLBHÍ eru búin að sýna áhuga á að halda þetta. Einnig erum við komin með já frá Bifröst ef við viljum halda það þar. Maí myndi a.m.k. ekki henta okkur.

Kolbrún Lára:

Muna að hafa í huga að að það er oft erfitt að finna dagsetningar fyrir annað fólk sem er ekki á staðnum.

Þingfulltrúi SHA:

Já við höfðum það í huga og litum yfir almanakið hjá flestum aðildarfélögum.

Þingfulltrúi SHÍ

Hver er almenn regla þegar kemur hvernig á að velja dagsetningu fyrir næsta landsþing. Er það ákveðið af framkvæmdarstjórn?

Anton:

Nei það er fulltrúaráð sem ákveður þetta.

Fundarstjóri

Fyrsta helgi í mars hefur oft verið valin en vilji hefur verið fyrir að seinka því. Það er ekki hægt að sýna fram á vinnu framkvæmdarstjórnar svona snemma árs. Hlutverk landsþings er að vera eftirlit framkvæmdarstjórnar og er erfitt að veita framkvæmdarstjórn aðahald eða eftirlit ef lítil vinna hefur átt sér stað þar sem þetta er svo snemma.

Þingfulltrúi NLBHÍ:

Ég vil spyrja, væri þetta jafn erfitt ef Landsþing væri að hausti? Uppgjör í lok starfsárs og styttri skiptitími fyrir nýja framkvæmdastjórn. Getum við hugsað út fyrir kassann og reynt að finna lausn?

Þingfulltrúi SHÍ:

Mín tillaga er að miða við að þessi dagsetning haldi sér en sé ekki meitluð í stein.

**SHA breytir tillögu sinni og mun hún hljóða svo**

SHA leggur til samþykkis landsþings að miðað verði við að dagsetningar næsta Landsþings verði 22.-25. febrúar.

Alexandra Ýr:

Ég velti fyrir mér hvaða gildi samþykkið hefur ef þetta er bara dagsetning til að miða við. Þá þjónar tillagan ekki sínum tilgangi en mín skoðun er enn sú sama með að þessi dagsetning er of snemm.

Þingfulltrúi SHA:

Við munum taka þessa dagsetningu frá hjá okkur aðildarfélögum og verðum ekki með viðburði á þeim tíma.

Sigríður Helga:

Var ekki verið líka að tala um helgina 9. mars.

Þingfulltrúi SHA:

Ég er að spá að breyta tillögunni. Ég legg til að dagsetningarnar verði 7. - 10. mars 2024.

Fundarstjóri býður til kosninga.

***Tillagan er samþykkt með meirihluta atkvæða.***

- Fundarhlé -

# LÖGMÆTI FUNDAR / 01.04

---

Fundarstjóri kannar lögmæti fundar eftir fundarhlé.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = 2

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = 13

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) = 7

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = 9

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = 2

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = 2

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = 0

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = 2

Heildarfjöldi atkvæða = 37

# TILNEFNINGAR Í FULLTRÚARÁÐ

---

Fundarstjóri biður aðildafélög um að tilnefna 2 fulltrúa í fulltrúaráð. Fundarstjóri áminnir að aðildafélög eigi rétt á að óska eftir frest fram að skiptafundi.

Nemendafélag Háskólans á Bifröst (NFHB) = Biðja um frest fram að skiptafundi.

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) = Biðja um frest fram að skiptafundi.

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri (SHA) =

Aðalfulltrúar

- Sólveig Birna Elísabetardóttir
- Erla Salome Ólafsdóttir

Varafulltrúar

- Silja Rún Friðriksdóttir
- Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) = Biðja um frest fram að skiptafundi.

Nemendafélag Landbúnaðarháskóla Íslands (NLBHÍ) = Biðja um frest fram að skiptafundi.

Stúdentaráð Listaháskóla Íslands (SLHÍ) = Biðja um frest fram að skiptafundi.

Stúdentafélag Hólaskóla (SH) = Fjarverandi

Samband íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) = Biðja um frest fram að skiptafundi.



# FRAMBOÐ Í FRAMKVÆMDASTJÓRN

---

Kynningar á frambjóðendum í þau embætti þar sem lokað hafði verið fyrir framboð fyrir upphaf landsþings. Framboð bárust í embætti forseta, varaforseta og gæðastjóra.

Lilja Margrét Óskarsdóttir býður sig fram í gæðastjóra samtakanna

Alexandra Ýr van Erven býður sig fram í forseta samtakanna

S. Maggi Snorrason býður sig fram í varaforseta samtakanna.

Frambjóðendur halda framboðsræður.

Fundarstjóri opnar mælendaskrá.

Fundarstjóri lokar fyrir spurningar og biður kjörstjórn um að kynna framkvæmd kosninga.

Fundarstjóri spyr frambjóðendur hvort þau vilji hafa aðila til að fylgjast með talningu atkvæða.

# NIÐURSTÖÐUR KOSNINGA

---

Kjörstjórn kynnir úrslit kosninga til framkvæmdastjórnar.

Gæðastjóri: Lilja Margrét Óskarsdóttir

Varaforseti: S. Maggi Snorrason

Forseti: Alexandra Ýr van Erven

Kjörstjórn áminnir að þingfulltrúar megi óska eftir að vita hlutfall kosninga líkt og samþykkt var á fimmtudag.

Þingfulltrúi SHÍ óskar eftir að fá að vita hlutföll kosninga.

Öll framboð til framkvæmdarstjórnar hlutu kjör með öllum greiddum atkvæðum.

Opnað er fyrir framboð í alþjóðafulltrúa og jafnréttisfulltrúa.

# ÞINGSLIT

---

Fundarstjóri býður fráfarandi og jafnframt tilvonandi forseta LÍS, Alexöndru Ýr að koma upp í pontu að slíta þingi. Hún þakkar öllum þeim sem komu að skipulagningu og vinnu við Landsþing LÍS innlega. Einnig þakkar hún þinggestum fyrir komuna og mjög gott þing.

**Þingi slitið laugardaginn 1. apríl kl. 12:35**